

# MYNDASÖFN Í LJÓSMYNDASAFNI ÍSLANDS Í ÞJÓÐMINJASAFNI

# Myndasöfn í Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni

*Inga Lára Baldvinsdóttir og Halldór J. Jónsson tóku saman*

Reykjavík
febrúar 2021

4. útgáfa 2021.
Ljósmynd á forsíðu: Gunnar Pétursson - GP3-1959-004-008.
Útlit og umbrot: Magnús Karel Hannesson.
Letur: Greta Sans Std í meginmáli - Greta Display Pro í fyrirsögnum.

# FORMÁLI

Þetta hefti er fjórða útgáfan á skrá yfir myndasöfn í Þjóðminjasafni Íslands. Þrívegis áður hefur verið fjölfölduð skrá með upplýsingum um filmu- og plötusöfn, sem varðveitt eru í Þjóðminjasafni Íslands.[1] Skráin er unnin upp úr lauslegum drögum sem Halldór J. Jónsson gerði á árunum fyrir 1990. Inga Lára Baldvinsdóttir hefur síðan tekið saman mun fyllri og ítarlegri skrá og búið hana til fjölföldunar – nú í fjórða sinn. Þörf var á að gefa út endurskoðaða útgáfu skrárinnar, þar sem ný myndasöfn berast Þjóðminjasafninu árlega og ýmsar upplýsingar hafa breyst eins og sést best á því að í fyrstu útgáfu skrárinnar voru 78 filmu- og plötusöfn, í þeirri næstu 128, í þeirri þriðju 180 og í þessari eru tilgreind filmusöfn frá 268 aðilum. Í þriðju útgáfunni var ákveðið að auka enn við skrána og freista þess að láta hana ná til allra einstakra myndasafna og sérsafna sem hafa að geyma myndir innan Þjóðminjasafnsins. Myndasöfn með pappírsmyndum eru nú 86 talsins. Talið er að í safninu séu varðveittar yfir átta milljónir mynda af margvíslegri gerð.

Ekki eru þó tilgreind hér myndasöfn núverandi starfsmanna safnsins þar sem þau eru enn í daglegri notkun. Hið sama gildir um myndasafn ljósmyndara safnsins, Ívars Brynjólfssonar, af safngripum, húsum í húsasafni og kirkjum og kirkjugripum.

Söfnun mynda hefur lengi verið eitt af verkefnum Þjóðminjasafns Íslands. Formleg söfnun ljósmynda hófst árið 1908 og hefur æ síðan verið ört vaxandi þáttur í starfinu. Safnið var lengi eini aðilinn í landinu sem sinnti söfnun ljósmynda og því eru myndasöfn þess þau heildstæðustu í landinu fram yfir miðja 20. öld. Með tilkomu myndasöfnunar á vegum héraðsskjalasafna og byggðasafna eftir miðja 20. öld breyttist hlutverk safnsins á þessu sviði. Árið 1980 hafði hópur einstaklinga í Reykjavík frumkvæði að stofnun sérsafns, Ljósmyndasafnsins, sem einbeitti sér að söfnun ljósmynda og gerði sig jafnframt gildandi í sýningarhaldi. Safnið var sett á legg vegna þess að menn voru ekki sammála áherslum Þjóðminjasafnsins á þessu sviði en líka í þeirri trú að verkefnið væri arðvænlegt. Rekstur einkarekins safns reyndist erfiður svo Reykjavíkurborg keypti Ljósmyndasafnið árið 1986 og til varð Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Safnið veitti Þjóðminjasafninu samkeppni í myndasöfnun og Þjóðminjasafnið var ekki lengur eitt um hituna. Öll þau söfn sem sinna myndavarðveislu hafa sitt söfnunarsvið og aðalatriðið er auðvitað að varðveisla ljósmyndaarfsins sé tryggð, óháð því hvar myndir eru varðveittar. Því miður vantar enn mikið upp á að söfnun mynda á Íslandi sé jafn markviss og æskilegt væri og árlega fer mikið af merkilegu og varðveisluverðu efni forgörðum.

Stofninn í myndaeign Þjóðminjasafnsins er plötu- og filmusöfn frá einstökum ljósmyndurum. Plötu- og filmusöfnin eru, eins og fram kemur í þessari skrá, bæði frá atvinnu- og áhugaljósmyndurum. Þau eru æði misjöfn að stærð, allt frá því að vera innan við 10 plötur upp í 600.000 filmuramma. Eðli þeirra er að sama skapi ólíkt. Í sumum söfnum eru aðeins mannamyndir teknar á ljósmyndastofum, en í öðrum eingöngu atburða- og umhverfismyndir, en mörg eru blanda af hvorutveggja.

1 Fyrstu skrárnar árin 1995 og 1998 voru aðeins ljósritaðar í nokkrum eintökum. Árið 2004 var skráin prentuð með sýnishornum af myndum úr hverju safni.

Einstök söfn ljósmyndara hafa verið keypt til Þjóðminjasafnsins, s.s. safn Sigfúsar Eymundssonar, Nicoline Weywadt og Jóns J. Dahlmanns, en flest hafa þau verið gefin til safnsins. Safnið hefur þar með tekið að sér varðveislu þeirra, vistun og fyrirheit um aðgengi með skráningu.

Annað myndefni í safninu er ljósmyndir á pappír í ýmsum sérstökum safnheildum, s.s. Mannamyndasafni, Ljós- og prentmyndasafni, Póstkortasafni og myndasöfnum SÍS, Alþýðublaðsins, Morgunblaðsins, Tímans og Ríkisútvarpsins-Sjónvarps. Kjarni þeirra mynda er merktur höfundi, þó að hluti þeirra sé eftir óþekkta ljósmyndara. Talið er að í safninu séu nú varðveittar yfir átta milljónir mynda af ýmsum gerðum.

Önnur myndasöfn eins og Mannamyndasafnið og Ljós- og prentmyndasafnið hafa byggst á gjöfum á ljósmyndum á yfir hundrað árum; oft eru það gjafir á ljósmyndum úr dánarbúum. Myndirnar eru þá flokkaðar eftir myndefni og skráðar í þessi tvö meginsöfn eftir því sem við á.

Ljósmyndir eru orðnar mikilsverður og viðurkenndur þáttur í sögulegri sýn Íslendinga. Tilkoma samfélagsmiðla, sem byggja meira á myndmáli en lesmáli, hefur aukið þýðingu mynda og því er leitað til safnsins af ýmsum aðilum eftir myndefni. Í upphafi var skráin hugsuð sem inngangur almennings í þessa safnheild. Síðan hefur skráning í Sarp tekið við og Sarpur opnað gátt til almennings á netinu. Nú er þetta fyrst og fremst skrá fyrir starfsfólk myndasafnsins til að halda utan um þetta fjölbreytta og stóra mengi safnkosts. Þannig megi sjá hvað er skráð og óskráð, hvaða myndir eru til á stafrænu formi og hverjar ekki og hvort gerðar hafi verið pappírsmyndir fyrir stafrænu byltinguna.

Tilhögun skráarinnar er einföld, en skal samt útskýrð. Fyrst kemur heiti safnsins og innan sviga einkennisstafir þess, sem notaðir eru við skráningu innanhúss, og fæðingar- og dánarár, ásamt starfsheiti og heimilisfangi höfundarins. Síðan kemur nafn þess/þeirra sem gaf eða seldi Þjóðminjasafninu viðkomandi myndasafn og hvenær það barst til safnsins. Síðan eru tíunduð ýmis atriði varðandi safnið: Tímasetning myndanna, hvort eitthvað fylgdi safninu þegar það var gefið, svo sem skrár eða önnur gögn eða tæki, hvort myndirnar eru tölusettar eða ekki ásamt fjölda platna, filma eða mynda í safninu. Þá er þess getið hvort gerðar hafi verið eftirtökur, spjaldskrár eða aðrar skrár yfir safnið eftir að það komst í vörslu Þjóðminjasafnsins, hver annaðist þau verk og hvort safnið hafi verið skráð í upplýsingakerfið Sarp eftir tilkomu þess. Að lokum er grófleg skilgreining á því hvers konar myndefni safnið hefur að geyma til að auðvelda fólki að glöggva sig á því hvað þar er að finna.

Það er trú mín að þessi skrá auðveldi yfirsýn yfir safnkost Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni.

*Inga Lára Baldvinsdóttir*

# MYNDASÖFN

## AÐALBJÖRG JÓNSDÓTTIR (AðJó) 1916–2018,

kjólagerðarkona, Reykjavík.

Gefið af Jóni Hermannssyni 3. september 2019.
Aldur: 1977-1990.
Ótölusett: Fjögur myndaalbúm með um 430 myndum.
Myndefni: Prjónaðir kjólar Aðalbjargar, en hún var frægur kjólahönnuður á áttunda og níunda áratug 20. aldar.

## ALFREÐ D. JÓNSSON (ADJ3) 1906–1994,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Herði Alfreðssyni 10. apríl 2012, 10. apríl og 30. maí 2018.
Aldur: 1930–1960.
Fylgifé: Plötur og filmur.
Tölusett: 579 myndir og myndasyrpur.
Ótölusett: Syrpa af mannamyndum.
Eftirtökur: Kristín Halla Baldvinsdóttir gerði stafrænar eftirtökur eftir tölusetta efninu.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði skrá. Hún var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum ADJ3 í fjarvinnslu á Húsavík.
Myndefni: Ljósmyndir frá ljósmyndastofu Alfreðs. Mannamyndir en einnig margvíslegar þjóðlífsmyndir.

## ALÞINGISHÁTÍÐARSAFN (Alþ).

Úr sérsafni muna sem tengjast hátíðarhöldunum á Þingvöllum árið 1930. Afhent af Alþingishátíðarnefndinni 1930.
Aldur: 1930.
Tölusett: Ljósmyndir í tveimur myndaalbúmum Alþ 124, 1-25 og Alþ 125, 1-99, en einnig ýmsar myndir og teikningar.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur af Alþ 124, 1-25.
Skrá: Þorvaldur Böðvarsson skráði í Sarp, almenna munaskrá, undir einkennisstöfunum Alþ.
Myndefni: Alþingishátíðin og undirbúningur hennar í ljósmyndum eftir þá Svavar Hjaltested og Ólaf Magnússon.

## ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR (AG) 1902–1985,

ljósmyndari og leikkona, Reykjavík.

Gefið af Þórði Sverrissyni 13. júlí 2015.
Aldur: Um 1920–1950.
Fylgifé: Filmur og plötur.
Tölusett: Um 2.500 pappírsmyndir.
Myndefni: Reykjavík, fimleikasýningar og ferðalög innan lands og utan.

## ÁRNI ÍSAKSSON (ÁÍ2) 1943,

veiðimálastjóri, Reykjavík.

Afhent af Fiskistofu í mars 2020.
Aldur: 1967–2013.
Fylgifé: Um 1.500 litskyggnur.
Ótölusett: 1.200 pappírsmyndir.
Myndefni: Veiðar í ám og vötnum, laxeldi og annað tengt starfi Árna.

## ÁSBÚÐARSAFN (Á).

Safn sem íslenska ríkið keypti af Andrési J. Johnson (1885–1965) og afhenti Þjóðminjasafni 1944.
Aldur: 1874-1940.
Tölusett: Um 1.535 myndir. Á sumum númeranna eru nokkrar myndir á undirnúmerum.
Ótölusett: Um 300 myndir.
Skrá: Hluti af myndunum var skráður af Þorkeli Grímssyni í skrá Ásbúðarsafns en hluti er listaður upp í grófri skrá yfir safnið. Skráin, það er 1.285 færslur, var sett í Sarp, almenna munaskrá, undir einkennisstöfunum Á af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Almennar þjóðlífsmyndir, mannamyndir, myndasyrpur sem fylgdu sígarettupökkum og öðrum varningi.

## BENEDIKT GUNNARSSON (BG) 1929–2018,

myndlistarmaður, Kópavogi.

Gefið af Valgerði Benediktsdóttur 4. mars 2019.
Tölusett: 17 fotogrömm.
Myndefni: Tilraunamyndir teknar með sérstakri aðferð eða ljósmyndun án ljósmyndavélar þar sem hlutir eru festir á ljósnæman pappír.

## BJARNI JÓNSSON (BJ) 1934–2008,

myndlistarmaður, Reykjavík.

Keypt af íslenska ríkinu og afhent Þjóðminjasafni til varðveislu 22. desember 2000.
Aldur: Um 1980.
Tölusett: 69 málverk.
Eftirtökur: Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir gerði stafrænar vinnumyndir.
Skrá: Lilja Árnadóttir gerði frumdrög að skrá sem sett var í Sarp, sérskrár, undir einkennisstöfunum BJ.
Myndefni: Innrömmuð málverk eftir Bjarna sem sýna sjósókn og fiskvinnslu á fyrri öldum, aðallega frá 19. öld.

## BJÖRN BJÖRNSSON (BB4) 1889–1977,

kaupmaður, Neskaupsstað, ljósmyndari í Reykjavík.

Gefið af barnabörnum Björns með sérstöku gjafabréfi 20. júní 2014.
Aldur: 1912–1977.
Fylgifé: Filmur.
Ótölusett: Albúm og lausar myndir. Áætlað um 12.000 myndir.
Skrá: Engin skrá er fyrirliggjandi.
Myndefni: Austfirðir, mannlíf, landslag og fuglalíf. Björn varð fyrstur Íslendinga til að sérhæfa sig í fuglamyndatökum. Landslag um allt land og mannlíf og umhverfi þar og í Reykjavík.

## COLLINGWOOD, W. G. (Coll) 1854–1932,

myndlistarmaður, Coniston, Vatnahéraði, Englandi.

Gefið af Mark Watson 25. ágúst 1964, 31. desember 1964, 23. ágúst 1965 og dánargjöf hans 31. desember 1979. Afhent af Haraldi Hannessyni 31. desember 1986, 5. júní 1987 og 12. desember 1989.
Aldur: 1897.
Tölusett: 205 vatnslita-, túss- og olíumyndir.
Eftirtökur: Katrín Elvarsdóttir gerði stafrænar eftirtökur eftir safninu.
Skrá: Halldór J. Jónsson gerði skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum Coll hjá Forsvari á Hvammstanga.
Myndefni: Fyrst og fremst vatnslitamyndir Collingwoods úr ferðum hans á söguslóði Íslendingasagna sumarið 1897.

## DAGBJARTUR GUÐMUNDSSON (DG2) 1910–1988,

verkamaður, Eyrarbakka.

Gefið af Erlu Karlsdóttur 12. september 2002.
Aldur: Um 1930–1940.
Fylgifé: Filmur
Tölusett: 202 myndir.
Eftirtökur: Eftirtökur hafa verið gerðar af filmum með sama myndefni.
Skrá: Ekki þykir ástæða til frekari skráningar á myndunum þar sem filmurnar sem þær eru gerðar eftir hafa verið skráðar í Sarp.
Myndefni: Vegavinna og ýmislegt tengt henni, íþróttamót, búskapur.

## DEJMO, KURT (KD) 1919–2009,

listmálari og ljósmyndari, Uddevalla, Svíþjóð.

Gefið af Kurt Dejmo 30. október 2007.
Aldur: 1955.
Tölusett: 15 innrammaðar stækkaðar ljósmyndir.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar vinnumyndir.
Ská: Skrá yfir myndirnar var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum KD af Ingu Láru Baldvinsdóttur.
Myndefni: Svart hvítar-órómantískar landslagsmyndir úr Íslandsferð 1955.

## EDGREN, EMIL (EmEd) 1919–2020,

ljósmyndari, Santa Cruz, Bandaríkjunum.

Gefið af Emil Edgren haustið 2011. Afhent af starfsmönnum Forlagsins.
Aldur: 1942–1943.
Tölusett: 40 sýningarmyndir frá sýningunni *Dagbók frá veröld sem var* á Torgi í Þjóðminjasafni í tengslum við útgáfu samnefndar ljósmyndabókar 2011.
Myndefni: Mannlíf á árum seinni heimsstyrjaldarinnar á Íslandi.

## FERÐAMÁLARÁÐ (FERÐ1).

Afhent af Dagrúnu Árnadóttur 28. apríl 2010.
Aldur: Um 1965–2000.
Fylgifé: Litskyggnur.
Ótölusett: Um 1.600 ljósmyndir eftir ýmsa ljósmyndara.
Myndefni: Kynningarmyndir um Ísland sem ferðamannaland eftir ýmsa ljósmyndara.

## FINNBOGI JÓNSSON (FJ2) 1950–2016,

rithöfundur, Reykjavík.

Afhent af Finnboga Jónssyni 4. febrúar 2015.
Aldur: 1985–2014.
Fylgifé: Filmur.
Ótölusett: Um 1.500 litmyndir. Að mestu samstofna filmusafni Finnboga sem barst samtímis.
Myndefni: Landslag, býli og fólk í Barðastrandarsýslum. Tengt rannsóknum á sögu og mannlífi í sýslunni.

## FINNUR JÓNSSON (FiJó) 1894–1951,

alþingismaður, Ísafirði.

Fylgdi með myndasafni Hjálmars R. Bárðarsonar sem barst í september 2009.
Tölusett: 101 mynd en einhver tvítök.
Skrá: Drög að skrá fylgdu sem Steinar Örn Atlason vann frekar.
Myndefni: Hornstrandir árið 1943. Filmusafn Finns er varðveitt í Ljósmyndasafninu á Ísafirði og þar með filmur þessara mynda.

## FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ (FOR).

Afhent af Þjóðskjalasafni Íslands 21. desember 2010.
Aldur: Um 1950–1990.
Ótölusett: Um 1.500 pappírsmyndir.
Myndefni: Ljósmyndir af ríkisstjórum, þingsetningar, opinberar heimsóknir hérlendis og erlendis. Mest myndir eftir Gunnar G. Vigfússon, Pétur Thomsen og Vigfús Sigurgeirsson.

## FREDDY LAUSTSEN (FrLa2) 1916–2006,

húsgagnasmiður, Reykjavík.

Gefið af Freddy Laustsen 30. mars 2001.
Aldur: Um 1950–1970.
Fylgifé: Filmur.
Tölusett: 182 stækkaðar frummyndir.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Guðrún Harðardóttir skráði í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum FrLa2.
Myndefni: Freddy var virkur áhugaljósmyndari meðal annars með ljósmyndaklúbbnum Írisi. Myndefnið er lýsandi fyrir áhugaljósmyndara tímabilsins. Myndræn sjónarhorn og tilraunir til listrænnar sköpunar.

## GESTUR EINARSSON (GE2),

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Ágústu og Páli Einarsbörnum 8. febrúar 1996.
Aldur: Um 1955–1975.
Ótölusett: Um 3.000 myndir.
Skrá: Engin skrá er til yfir myndirnar.
Myndefni: Ósóttar myndir og tvítök frá Ljósmyndastofu Gests, en einnig ýmsar stækkanir og þjóðlífsmyndir.

## GÍSLI GESTSSON (GG2) 1907–1984,

safnvörður, Reykjavík.

Gefið af Önnu, Margréti, Sigrúnu og Gesti Gíslabörnum 18. janúar 1998.
Aldur: Um 1935–1984.
Ótölusett: Um 3.000 myndir.
Myndefni: Safngripir í Þjóðminjasafni og fornleifarannsóknir sem Gísli tók þátt í eða stýrði, m.a. frá Eyvindarkofa, Gjárskógum, Gröf í Öræfum, Skálholti, Kúabót og fleira. Ýmsar myndir af húsum og minjum víða um land. Fjölskylda og ættmenni.

## GRÉTAR EIRÍKSSON (GrE2) 1923–2004,

tæknifræðingur, Reykjavík.

Gefið af Gunnhildi Steingrímsdóttur 30. nóvember 2005.
Aldur: Um 1950–2000.
Fylgifé: Filmur.
Ótölusett: Um 100 ljósmyndir.
Skrá: Engin skrá er til yfir myndirnar.
Myndefni: Náttúra, fólk og ferðalög.

## GUÐMUNDUR A. ERLENDSSON (GAE4),

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Guðmundi A. Erlendssyni 22. janúar 1979.
Aldur: Um 1950–1993.
Ótölusett: Um 1.500 myndir.
Skrá: Engin skrá er til yfir myndirnar.
Myndefni: Ósóttar myndir og aukamyndir frá ljósmyndastofu Guðmundar, en einnig sýningarmyndir eftir hann, t.d. nektarmynd frá sýningu Ljósmyndarafélags Íslands árið 1961.

## GUNNAR PÉTURSSON (GP5) 1928–2012,

prentsmiðjustarfsmaður, Reykjavík.

Gefið af Pétri Hans Ásgeirssyni 6. febrúar 2019 og 7. ágúst 2020.
Aldur: Um 1950–1975.
Tölusett: 845 svarthvítar frummyndir.
Ótölusett: Sjö ljósmyndaalbúm með um 1.225 myndum.
Skrá: Engin skrá er til yfir myndirnar.
Myndefni: Frummyndir stækkaðar af Gunnari sjálfum með listrænu myndefni. Albúmin eru hins vegar með svarthvítum myndum úr ferðalögum Gunnars á árunum 1950-1960.

## GUNNAR GEIR VIGFÚSSON (GGV2) 1943,

ljósmyndari, Hafnarfirði.

Gefið af Gunnari Geir í mörgum áföngum á árunum 2017–2020.
Fylgifé: Um 67.000 filmurammar og 1.550 cd diskar með óþekktum fjölda mynda.
Ótölusett: Um 7.000 myndir.
Skrá: Engin skrá liggur fyrir.
Myndefni: Ljósmyndir frá starfsferli Gunnars Geirs sem ljósmyndara forsetaembættisins og ýmissa félaga og stofnana.

## HALLDÓR EINARSSON (HEi2), 1926–2010,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Önnu Halldórsdóttur 14. desember 2017.
Aldur: 1951–1964.
Ótölusett: Um 1.500 stakar ljósmyndir.
Myndefni: Meðal annars myndir tengdar Lúðrasveit Reykjavíkur sem Halldór starfaði með og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

## HALLDÓR PÉTURSSON (HP) 1916–1977,

teiknari, Reykjavík.

Gefið af Ágústu, Halldóru og Pétri Halldórsbörnum 28. desember 2016.
Aldur: 1930–1977.
Tölusett: 7.092 teikningar.
Skrá: Ágústa og Halldóra Halldórsdætur gerðu skrá. Þorvaldur Böðvarsson setti hana í Sarp sem frumskráningu. Ágústa og Halldóra grunnskráðu síðan safnið í Sarp.
Eftirtökur: Sigurður Stefnisson gerði stafrænar eftirtökur eftir myndunum.
Myndefni: Teikningar Halldórs allt frá bernskuárum og til æviloka. Skopmyndir, myndskreytingar, blýantsteikningar frá Ísafirði og Vestmannaeyjum, gifsmyndir og málverk.

## HALLDÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR (HG2) 1909–1997,

húsfrú, Eskifirði og Reykjavík.

Gefið af Björgu S. Blöndal 14. ágúst 2019.
Aldur: 1925–1990.
Ótölusett: 17 albúm með ljósmyndum Halldóru. Fjöldi mynda um 4.200.
Skrá: Engin formleg skrá er til en upplýsingar fylgja yfirleitt undir myndunum.
Myndefni: Ferðalög, fjölskylda og mannlíf í Reykjavík og á Eskifirði.

## HARALDUR BLÖNDAL (HBl2) 1882–1953,

ljósmyndari, Reykjavík og Eyrarbakka.

Gefið af Sveini Blöndal 1995.
Aldur: 1917–1925.
Ótölusett: 123 pappírsmyndir gerðar á dagsljóspappír af Guðmundi Ingólfssyni og Sveini Blöndal eftir völdum plötum úr safni Haraldar Blöndal í undirbúningi að útgáfu bókarinnar *Ljósmyndarinn í þorpinu* árið 1983.
Myndefni: Fólk, þorp og bæir á Suðurlandi, en einnig myndir víðar að.

## HEERING, WALTHER (WH3) 1902–1977,

ljósmyndari og útgefandi, Þýskalandi.

Afhent af Dorian Heering 11. mars 2002.
Aldur: 1933 og 1976.
Fylgifé: 814 svart-hvítar filmur í WH1 og 997 litfilmur í WH2.
Ótölusett: Um 250 ljósmyndir.
Myndefni: Syrpa Íslandsmynda eftir hann sjálfan úr Íslandsferðum 1933 og 1976. Einnig myndir eftir aðra ljósmyndara sem Heering notaði í bók sinni *Das unbekannte Island* 1935.

## HJÁLMAR R. BÁRÐARSON (HRB9) 1918–2009,

áhugaljósmyndari og siglingamálastjóri, Álftanesi.

Ánafnað samkvæmt erfðaskrá og afhent í september 2009.

Aldur: 1932–1988.

Fylgifé: Filmusöfn Hjálmars og fleira.

Ótölusett: Svarthvítar eftirtökur eftir filmum og plötum í myndasafninu. Yfirleitt með númeri á bakhlið sem vísar til númera í filmusafni. Um 17.800 myndir. Þrjú albúm með elstu ljósmyndum Hjálmars meðal annars úr Hornstrandarferð 1939.

Skrá: Engin formleg skrá er til yfir safnið, en filmusafn Hjálmars er hins vegar allt skráð í Sarp. Sú skráning byggir á upplýsingum á umbúðum utanum filmurnar. Filmur með elstu ljósmyndum Hjálmars, m.a. úr Hornstrandaferðinni 1939 eru einnig skráðar í Sarp.

Myndefni: Ísland og íslenskt þjóðlíf og náttúra. Listrænar ljósmyndir frá sýningarferli hans sem áhugaljósmyndara.

## HOLDSVEIKRASPÍTALI (HOLD).

Afhent af Þjóðskjalasafni Íslands 21. desember 2010.

Aldur: 1901–1930.

Tölusett: 1-86, 81 ljósmynd og 5 plötur, allar eftir Árna Thorsteinsson og liggja þær nú með safni hans.

Myndefni: Holdsveikrasjúklingar og holdsveiki.

## IÐNAÐARBANKINN (Iðnb).

Gefið af Jóhanni Jónssyni 28. nóvember 2002.

Aldur: 1953–1990.

Tölusett: 551 mynd.

Skrá: Dóra Pétursdóttir gerði frumdrög að skrá.

Myndefni: Starfsemi Iðnaðarbankans, starfsfólk hans og félagsstarf þeirra.

## IÐNNEMASAMBANDIÐ (Iðnnem).

Afhent af Hildi Björgvinsdóttur 25. janúar 2019.

Aldur: 1950–1990.

Ótölusett: Áætlaður fjöldi um 4.000 myndir.

Myndefni: Frá starfsemi Iðnnemasambandsins.

## ÍSLENDINGAR Í RICCIONE (Lpr-2004–102).

Gefið af Maurizo og Nerio Manfroni 2. september 2004. Afhent af Ólafi Gíslasyni.

Aldur: 1980–1993.

Ótölusett: Um 1.000 lausar ljósmyndir og í einu albúmi.

Myndefni: Íslendingar á veitingastað Manfroni bræðra í Riccione á Ítalíu og á sérstökum skemmtikvöldum þar. Myndir teknar á vettvangi sem ekki voru keyptar af gestum.

## ÍSLENSKIR SJÁVARHÆTTIR (ÍS).

Gefið af Lúðvík Kristjánssyni 1989.

Aldur: Um 1890–1990.

Tölusett: Myndunum var gefið sama númer og þær hafa í bókum Lúðvíks. Þær eru 370 af um 2.500 myndum sem birtust í bókunum.

Skrá: Engin sjálfstæð skrá hefur verið gerð en stuðst var við myndatexta í *Íslenzkum sjávarháttum* sem eru ígildi skrár. Sú skráning var sett í Sarp, almenna myndaskrá, af Forsvari á Húsavík.

Myndefni: Safn mynda úr fórum Lúðvíks Kristjánssonar rithöfundar sem hann safnaði og lét gera í tengslum við útgáfu á ritsafni sínu um íslenska sjávarhætti. Myndir um íslenska sjávarhætti í víðtækri merkingu.

## JÓN Þ. EINARSSON (JÞE) 1926–2008,

verkamaður, Reykjavík.

Gefið af Jóni Þ. Einarssyni 2003 og af erfingjum hans 20. desember 2008.

Aldur: Um 1960–1970.

Fylgifé: Filmur og skyggnur.

Ótölusett: Um 300 myndir.

Myndefni: Tilraunir til listrænnar ljósmyndasköpunar.

## JÓN HELGASON (JH) 1866–1942,

biskup, Reykjavík.

Gefið af Annie, Cecilie, Þórhildi og Páli Helgason 16. febrúar 1963.

Aldur: 1890-1940.

Tölusett: 436 blýantsteikningar og vatnslitamyndir í 12 heftum.

Skrá: Lista yfir myndirnar gerði Þorkell Grímsson. Hann var settur í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum JH af Forsvari á Hvammstanga.

Eftirtökur: Kolbrún Þóra Löve gerði stafrænar eftirtökur.

Myndefni: Teikningar af kirkjum og kirkjustöðum, aðallega gerðar í visitasíuferðum Jóns í biskupstíð hans (1917-1938). Stöku landslags- og mannamyndir inn á milli.

## JÓN KALDAL (JK4) 1896–1981,

ljósmyndari, Reykjavík.

Afhent af Jóni, Dagmar og Ingibjörgu Kaldal 20. desember 1996, en keypt 29. desember 2005.

Aldur: 1925–1980.

Tölusett: 106 frummyndir.

Skrá: Þorvaldur Böðvarsson gerði lista yfir myndirnar og var hann settur í Sarp, mannamyndir, undir einkennisstöfunum JK4.

Eftirtökur. Jónas Hallgrímsson gerði stafrænar eftirtökur eftir myndunum.

Myndefni: Úrvals stækkanir sem Jón Kaldal gerði m.a. fyrir ljósmyndasýningu sína árið 1966.

## KENNARASKÓLI ÍSLANDS (KÍ).

Afhent af Sjöfn Hjörvar 3. júlí 2008.
Aldur: 1911–1946.
Tölusett: 16 skólaspjöld.
Skrá: Drög að skrá fylgdu við afhendingu.
Myndefni: Skólaspjöld með myndum nemenda og kennara í Kennaraskóla Íslands.

## KRISTINN SIGURJÓNSSON (KS2) 1923–1993,

offsetprentari, Kópavogi.

Gefið af Flóka Kristinssyni 25. maí 2011.
Aldur: 1945–1960.
Tölusett: 108 frummyndir.
Skrá: Guðrún Harðardóttir skráði myndirnar í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum KS2.
Myndefni: Myndir Kristins frá þeim árum sem hann var virkur áhugaljósmyndari m.a. í Litla ljósmyndaklúbbnum. Tilraunir til listrænnar sköpunar.

## KRISTJÁN MAGNÚSSON (KM) 1931–2004,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Pálínu Oddsdóttur og Oddrúnu Kristjánsdóttur 28. október 2004.
Aldur: 1962–2003.
Fylgifé: Filmusafn og ýmiss konar búnaður frá Ljósmyndastofu Kristjáns og ljósmyndir.
Ótölusett: Um 1.000 myndir og 700 kontaktblöð.
Skrá: Engin skrá.
Myndefni: Myndatökur fyrir Vikuna og fjölþætt verkefni unnin á ljósmyndastofu Kristjáns, bæði mannamyndir en ekki síður iðnaðarljósmyndir og auglýsingamyndatökur.

## KVENNASKÓLINN (KVENN).

Afhent 1. september 2017.
Aldur: 1940–2000.
Ótölusett: Áætlaður fjöldi er 500 myndir og um 150 litskyggnur
Skrá: Engin skrá fylgdi yfir myndirnar.
Myndefni: Skólaspjöld og bekkjarmyndir.

## LANDSSÍMINN (LSÍM1).

Kom í vörslu safnsins samhliða gjöf á Loftskeytastöðinni til Þjóðminjasafns. Var afhent Ljósmyndasafninu til varðveislu á vordögum 2012.
Aldur: 1907–1990.
Ótölusett: Áætlað um 20.000 myndir.
Skrá: Engin skrá fylgdi yfir myndirnar.
Myndefni: Starfsemi Landssímans.

## LANDSSMIÐJAN (LANDS).

Afhent af Finnboga Jónssyni 15. ágúst 2002.
Aldur: 1936–1984.
Ótölusett: 226 myndir.
Skrá: Engin skrá hefur verið gerð yfir myndirnar.
Myndefni: Frá starfsemi Landssmiðjunnar.

## LEIÐANGUR EGGERTS ÓLAFSSONAR OG BJARNA PÁLSSONAR (EÓ).

Gefið af danska vísindafélaginu 1975. Skráð 10. apríl 1978 og gefið númerið Þjms. 1978-18.
Aldur: Um 1767–1772.
Tölusett: 125 myndir og kort, vatnslitamyndir, tússteikningar og málverk gerðar af Eggert Ólafssyni, Ole Berg, Michael Fosie, H. Liunge og Jóni Ólafssyni.
Skrá: Halldór J. Jónsson gerði skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum EÓ af Landvist á Húsavík.
Eftirtökur: Vala Dóra Jónsdóttir gerði eftirtökur á litfilmur sem síðan voru skannaðar inn.
Myndefni: Myndir gerðar vegna útgáfu á Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar árið 1772. Aðallega af fuglum, fiskum og steinasýnishornum.

## LITLI LJÓSMYNDAKLÚBBURINN (LL).

Gefandi Óttar Kjartansson 23. nóvember 1998.
Aldur: 1952–1959.
Tölusett: 134 myndir með meiru.
Ótölusett: Bækur og félagsgögn.
Skrá: Guðrún Harðardóttir skráði í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum LL.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Myndefni: Verkefni, fundargerðir og önnur gögn ljósmyndaklúbbsins.

## LJÓS- OG PRENTMYNDASAFNIÐ (Lpr).

Söfnun til Ljós- og prentmyndasafns hófst 1915 og stendur enn. Upphaflega var Ljós- og prentmyndasafnið eitt þriggja safna í Listasafni Íslands, en hin voru Málverkasafnið og Höggmyndasafnið. Á þeim tíma var Listasafnið hýst í Þjóðminjasafni og Matthías Þórðarson hafði umsjón með því. Smám saman þróuðust mál þannig að safnið var í raun ljósmyndasafn með þjóðlífsmyndum og varð því innlyksa í Þjóðminjasafninu. Eftir flutning Listasafns Íslands í eigið húsnæði voru gerð skil á þeim myndum sem Listasafnið óskaði eftir að fá úr safninu. Þar á meðal voru myndir úr frumgjöf þess.

Aldur: Um 1790–2010.

Tölusett: Um 37.715 myndir eru skráðar í Sarp.* Nokkrir safnaukar eru númeraðir en óskráðir. Safnauki 2016 er 394 myndir, 2017 er 404 myndir, 2018 með 330 myndum og 2020 er 709 myndir.

Skrá: Skrá yfir elsta hlutann var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum Lpr bæði hjá Forsvari á Hvammstanga og Landvist á Húsavík. Nýrri skrár hafa verið frumskráðar í Sarp. Margir hafa skráð í Ljós- og prentmyndasafnið. Stærsti skrásetjari í Sarpi er Þorvaldur Böðvarsson með um 20.000 færslur. Næstur kemur Halldór J. Jónsson með 7.308 færslur. Þeir sem hafa skráð fleiri en 1.000 færslur eru Kristín Halla Baldvinsdóttir, Inga Lára Baldvinsdóttir, Matthías Þórðarson, Eygló Gunnarsdóttir og Friðrik Brekkan.

Myndefni: Safnið er alhliða safn þjóðlífsmynda, staðir, atburðir og mannlíf í víðustu merkingu. Frummyndir allra helstu ljósmyndara landsins fram til 1960, en aðeins einstakra ljósmyndara eftir það auk fjölmargra áhugaljósmyndara.

*Miðað við 28.1.2021.

## MAGELFORS, LARS (LM1),

ljósmyndari, Gautaborg.

Gefið fyrir milligöngu sendiráðs Íslands í Svíþjóð 19. júní 2019.

Aldur: 1963–1964.

Fylgifé: Skyggnur og blöð þar sem myndirnar birtust.

Ótölusett: 130 ljósmyndir.

Myndefni: Surtseyjargos og Reykjavík.

## MANNAMYNDASAFNIÐ (Mms).

Söfnun til Mannamyndasafns hófst árið 1908 og stendur enn.

Aldur: Um 1790–2000.

Tölusett: 55.308 myndir eru skráðar í Sarp. Óskráðir en númeraðir safnaukar eru: 1999 er 274 myndir, 2000 er 184 myndir, 2015 er 349 myndir, 2016 er 195 myndir, 2017 er 105 myndir, 2018 er 325 myndir og 2020 er 851 mynd.

Ótölusett: Safnaukar áranna 2001-2013 og 2018. Áætlaður myndafjöldi um 10.000.

Skrá: Eldri hluti skrárinnar er einnig til í handriti. Skráin var sett í Sarp undir einkennisstöfunum Mms og var unnið að því bæði hjá Forsvari á Hvammstanga og Landvist á Húsavík. Lang flestar frumskráningar í Mms á Halldór J. Jónsson með rúmlega 33.000 færslur en næstur honum er Matthías Þórðarson með rúmlega 12.000 færslur.

Myndefni: Mannamyndir af ýmsum gerðum en aðallega ljósmyndir.

## MATTHÍAS ÞÓRÐARSON (MÞ2) 1877–1961,

þjóðminjavörður, Reykjavík.

Úr fórum safnsins.

Aldur: 1909–1942.

Fylgifé: 536 filmur.

Ótölusett: Eftirtökur af myndum með upplýsingum skráðum á bakhlið, gerðar eftir filmum Matthíasar sjálfs. Lausar myndir og tvö albúm.

Skrá: Engin skrá er til yfir myndirnar og er skrá yfir filmurnar talin duga.

Myndefni: Frá starfsárum Matthíasar í Þjóðminjasafninu. Kirkjur og kirkjugripir, fornleifarannsóknir og fleira tengt rannsóknarferðum Matthíasar um landið.

## MINJASAFN JÓNS SIGURÐSSONAR OG INGIBJARGAR EINARSDÓTTUR KONU HANS (JS).

Stofnsett 12. júlí 1881 af Tryggva Gunnarssyni alþingismanni.

Aldur: 1852–1881.

Tölusett: 145 myndir, mest ljósmyndir en einnig grafíkblöð og fleira.

Myndefni: Ljósmyndir úr fórum Jóns og Ingibjargar, fyrst og fremst mannamyndir. Ýmsar myndir tengdar Jóni og húsi hans hafa verið skráðar í safnið eftir að stofngjöf barst.

## MÚSIKSÝNING (MÚS).

Afhent af Menntamálaráðuneytinu 25. september 1987.

Aldur: 1200–1985.

Tölusett: 249 myndir.

Fylgifé: Spjaldskrá um efni og muni sem voru á sýningunni *Tónlist á Íslandi*.

Skrá: Vilborg Pétursdóttir þjóðfræðinemi gerði drög að skrá, byggða á fylgigögnum.

Myndefni: Eftirtökur gerðar fyrir sýninguna *Tónlist á Íslandi* sem haldin var í Norræna húsinu 28. desember 1985 til 23. febrúar 1986. Leifur Þorsteinsson í Myndiðn vann eftirtökurnar og eru eftirtökufilmur myndanna í safni hans. Mikið af myndefninu er þegar til í safninu, enda fengið þaðan, en hér er einnig að finna fágætar myndir úr íslenskri tónlistarsögu úr einkaeigu. Aldur safnsins byggir á því að í því eru myndir af hljóðfærum frá miðöldum. Menntamálaráðuneytið stóð ekki fyrir sýningunni en mun hafa keypt myndirnar sem á henni voru eftir að henni lauk.

## NEMENDASKRÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS (NEM).

Afhent 7. október 2009 af Háskóla Íslands.

Aldur: 1983–2001.

Ótölusett: Um 27.000 myndir.

Myndefni: Passamyndir af öllum nýnemum Háskóla Íslands á árunum 1983–2001.

## OFNASMIÐJAN (OFN).

Gefið af Guðrúnu Björnsdóttur 25. júlí 2013.

Aldur: Um 1920–1970.

Fylgifé: Filmusafn Sveinbjörns Jónssonar.

Ótölusett: Um 1.635 myndir, þar af nokkrar innrammaðar.

Myndefni: Ofnasmiðjan, framleiðsla og starfsemi og annar atvinnurekstur Sveinbjörns Jónssonar, eiganda hennar og iðnfrömuðar, norðanlands og sunnan. Fjölskylda og ferðalög.

## ÓTTAR KJARTANSSON (ÓK) 1930–2010,

kerfisfræðingur, Kópavogi.

Gefið af Óttari Kjartanssyni 23. nóvember 1998.

Aldur: Um 1952–1961.

Tölusett: 123 ljósmyndir.

Eftirtökur: Jónas Hallgrímsson gerði stafrænar eftirtökur.

Skrá: Guðrún Harðardóttir skráði í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum ÓK.

Myndefni: Úrval frummynda frá Óttari, sem var í Litla-ljósmyndaklúbbnum og framarlega á meðal áhugaljósmyndara upp úr miðri 20. öld.

## PLAKATASAFN.

Gefið af Rannveigu Einarsdóttur og Kristjáni Hjaltasyni 13. júlí 2018.

Aldur: Aðallega 1971–1999.

Ótölusett: Um 870 plaköt.

Skrá: Skrá fylgdi safninu með tímasetningum, myndefni og tilefni útgáfu plakatanna.

Myndefni: Fyrst og fremst íslensk plaköt en einnig nokkur erlend. Fjölbreytt úrval af plakötum tengdum myndlist, stjórnmálum, kvikmyndum, tónleikum og fleiru.

## PÓSTKORTASAFN (Pk).

Söfnun til póstkortasafns innan Þjóðminjasafns hófst líklega fyrir 1910, en engar heimildir eru til um upphaf hennar.

Aldur: Um 1900–2015.

Tölusett: 5.879 kort. Safnauki 2017 er 14 kort, 2018 er 27 kort og 2020 er 116 kort.

Ótölusett: Tvítök og fleira.

Eftirtökur: Hluti kortanna var skannaður í fjarvinnslu á Egilsstöðum, en ýmsir hafa skannað inn kort samhliða skráningu. Sigurður Stefnisson skannaði inn kort sem borist höfðu á árunum 2004–2009. Áætlað er að eftir sé að skanna um 950 skráð kort.

Skrá: Engin heildarskrá liggur fyrir en safninu er raðað eftir staðfræði og efnisflokkum. Gísli Sveinn Loftsson frumskráði fyrstu 1.802 kortin í safninu og einnig seinni aðföng og er með flestar skráningar í safninu eða um 2.900 færslur. Þorvaldur Böðvarsson hefur skráð næst mest í safnið eða rúmlega 2.000 kort. Tæplega 800 kort eru óskráð (númerabilið 1803–2590). Póstkort hafa verið skráð sem sérstakur hluti aðfanga frá árinu 1987 og með númeri innan árs. Skráð hefur verið í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum Pk.

Myndefni: Staðir, viðburðir, landslag og þjóðlíf. Auglýsingakort, jólakort, afmæliskort og fermingarkort.

## PÓSTKORTASAFN 2 (Pk2).

Seljendur: Gunnar Marel, Sigríður, Björn, Sverrir og Kristjana Friðþjófsbörn 15. janúar 2003.
Aldur: 1950–2000.
Tölusett: 4.067 kort.
Skár: Engin skrá liggur fyrir.
Myndefni: Einkasafn Friðþjófs Björnssonar, sem hann safnaði með kaupum á póstkortum á seinni hluta 20. aldar.

## PÓSTKORTASAFN ANDRÉSAR JOHNSON (AJ) 1885–1965.

Hluti af Ásbúðarsafni sem íslenska ríkið keypti af Andrési Johnson og afhenti Þjóðminjasafni til varðveislu árið 1944.
Aldur: Um 1900–1930.
Tölusett: 4.467 kort, sem voru í sérstökum póstkortamöppum og flokkuð af Andrési og voru því ekki skráð með Ásbúðarsafni.
Skrá: Engin skrá liggur fyrir en safninu er raðað eftir efnisflokkum.
Myndefni: Staðir, viðburðir, landslag og þjóðlíf. Mikið af úrklippum með mannamyndum, líklega úr tímaritinu *Óðni*, og skopmyndum auk vörumerkja.

## RALPH HANNAM (RH1) 1915–2011,

skrifstofumaður, Reykjavík.

Gefið af Ralph Hannam 7. maí 2010.
Aldur: 1948–1954.
Tölusett: 41 frummynd í ramma.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Margar myndanna bera nafn sem Ralph hefur sjálfur gefið þeim. Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá og setti í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum RH1.
Myndefni: Listrænar ljósmyndir, tilraunir með form, ljós og skugga.

## RUNÓLFUR ELENTÍNUSSON (REl2) 1933–2013,

blaðaljósmyndari, Reykjavík og síðar námsráðgjafi, Akureyri.

Gefið af Finni Sigurgeirssyni 26. júní 2015.
Aldur: 1960–um1965.
Fylgifé: Filmusafn Runólfs.
Ótölusett: Um 400 ljósmyndir eftir Runólf frá starfsárum hans við *Tímann* og *Fálkann*.
Myndefni: Samtíminn eins og hann birtist í Fálkanum í myndum Runólfs. Þjóðlíf, mannlíf og fólk í fréttum.

## SAFN ALÞÝÐUBLAÐSINS (Alþbl).

Afhent af skiptastjóra þrotabús Frjálsrar fjölmiðlunar, Sigurði Gizurarsyni hrl., 29. janúar 2004.

Aldur: Um 1967–1998.

Tölusett: 15.097 ljósmyndir.

Skrá: Soffía Pétursdóttir gerði skrá yfir mannamyndir í safninu (7.593). Skráin var sett í Sarp undir einkennisstöfunum Alþ.bl. af Landvist á Húsavík. Aðrar 7.557 myndir hafa verið lyklaðar eftir efnisflokkum í Sarpi af Landvist á Húsavík.

Myndefni: Alhliða fréttamyndir teknar af ljósmyndurum *Alþýðublaðsins*. Myndir úr starfi Alþýðuflokksins. Einar Ólason var ljósmyndari við blaðið frá 1988-1998 og er höfundur flestra myndanna.

## SAFN MORGUNBLAÐSINS (Mbl1).

Gefið af Morgunblaðinu 18. ágúst 1972 og af Þorvaldi Friðrikssyni 11. maí 1992.

Aldur: Aðallega frá árunum 1954–1965 en samtíningur eftir það fram til um 1975.

Tölusett: 24.526 ljósmyndir.

Skrá: Sigurjón Baldur Hafsteinsson skráði fyrstu 1.550 myndirnar og gerði samanburð við myndbirtingar að númer 900. Guðrún Harðardóttir skráði frá 1.501–2.028 myndir í safninu og fyllti upp í skrána frá 900–1.500 með samanburði við myndbirtingar í blaðinu. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum Mbl1 af Forsvari á Hvammstanga.

Eftirtökur: Eva Schram og Nicholas Grange gerðu stafrænar eftirtökur eftir skráðum myndum í Sarpi eða 2.028 myndum.

Myndefni: Alhliða fréttamyndir teknar af ljósmyndurum *Morgunblaðsins* og fréttariturum þess. Auk þess skopteikningar eftir Halldór Pétursson og teikningar eftir Atla Má Árnason og Helgu Valtýsdóttur sem birtust í blaðinu. Mannamyndir úr safninu voru settar yfir í Mannamyndasafnið og skráðar í það að frátöldum brúðkaupsmyndum.

## SAFN RÍKISÚTVARPSINS-SJÓNVARPS (RÚV).

Gefið af Ríkisútvarpinu 10. desember 1999, 22. júní 2017 og 17. október 2017.

Aldur: Um 1963–1978.*

Tölusett: 29.804 svarthvítar ljósmyndir.

Ótölusett: 15.000 filmur og myndir.

Skrá: Soffía Pétursdóttir gerði grófa efnisskrá yfir fyrri aðföng. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum RÚV af Landvist á Húsavík.

Myndefni: Ljósmyndir frá fréttastofu Ríkisútvarpsins Sjónvarps af innlendum og erlendum vettvangi bæði mannamyndir, atburðamyndir og staðamyndir. Margvíslegt myndefni úr starfi Ríkisútvarpsins.

* Fréttaritarar hafa látið í té myndir frá því fyrir daga Sjónvarpsins. Eftir 1978 er farið að nota litskyggnur í fréttum, sbr. filmusafn Ríkisútvarpsins í seinni hluta skrárinnar.

## SAFN SAMBANDS ÍSLENSKRA SAMVINNUFÉLAGA (SÍS).

Gefið af Sambandi íslenskra samvinnufélaga 27. október 1993.

Aldur: Um 1950–1993.

Tölusett: 9.912 ljósmyndir.

Ótölusett: Um 500 ljósmyndir. M.a. innrammaðar myndir og litskyggnusett um sögu SÍS í nokkrum eintökum.

Eftirtökur: Eva Schram og Nicholas Grange gerðu stafrænar eftirtökur eftir safninu.

Skrá: Erla Hulda Halldórsdóttir skráði um 1.500 myndir. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, af Þorvaldi Böðvarssyni undir einkennisstöfunum SÍS. Soffía Pétursdóttir gerði frumdrög að skrá yfir hluta safnsins (7.200) og var skráin sett í Sarp, almenna myndaskrá, af Forsvari á Hvammstanga.

Myndefni: Fjölþætt myndefni tengt starfsemi SÍS. M.a. myndir nýttar í útgáfustarfsemi hjá *Hlyn*, *Samvinnunni* og *Norðra*. Allar mannamyndir voru teknar úr safninu og skráðar í Mannamyndasafnið.

## SAFN SIGURÐAR GUÐMUNDSSONAR MÁLARA (SG).

Stofninn að safninu gaf Pétur Guðmundsson á árunum 1880-1890 og eftir það hefur ýmislegt efni tengt Sigurði verið fært í safnið án þess að uppruna sé getið.

Aldur: 1848–1874.

Tölusett: Vel yfir 500 myndir af margvíslegri gerð.

Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir skráði safnið. Skráin er í Sarpi, í almennu munasafni.

Myndefni: Mannamyndir, skólateikningar, búningastúdíur og ýmsar smámyndir og skissur í minnisbókum.

## SAFN TRYGGVA GUNNARSSONAR (TrG) 1835–1917,

bankastjóra, Reykjavík.

Gefið samkvæmt erfðaskrá og afhent 9. nóvember 1917. Gefið 17. nóvember 1917. Keypt 10. desember 1917 og 5. janúar 1918.

Aldur: Um 1860–1917.

Tölusett: 442 myndir.

Skrá: Matthías Þórðarson gerði skrá yfir safnið sem er í Sarpi, í almennu munasafni.

Myndefni: Mannamyndir og staðarmyndir úr fórum Tryggva Gunnarssonar bankastjóra.

## SAFN VERU (VERA).

Gefið af bankanum Glitni 13. maí 2008.

Aldur: 1982–2008.

Tölusett: 1.945 myndir og filmur.

Skrá: Dóra Pétursdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp í fjarvinnslu á Húsavík og samhliða var myndefnið greint frekar.

Myndefni: Myndir sem birtust í blaðinu *Veru*, sem helgað var kvennabaráttu.

## SAFN ÞORVALDAR OG ÞÓRU THORODDSEN (ÞÞTh).

Gefið samkvæmt erfðaskrá 6. apríl 1922 og afhent 6. apríl 1922, 15. apríl og 23. júní 1930 og 28. október 1935.

Aldur: Um 1865–1917.

Tölusett: Yfir 1.000 myndir.

Skrá: Matthías Þórðarson gerði skrá yfir safnið og Inga Lára Baldvinsdóttir gerði lista yfir óskráðar myndir. Skráin er í Sarpi, í almennu munasafni, og var sett inn hjá Landvist á Húsavík.

Myndefni: Margvíslegt myndefni úr fórum hjónanna Þorvaldar Thoroddsen jarðfræðings (1855–1921) og Þóru Pétursdóttur Thoroddsen listmálara (1848–1917). Málverk, teikningar og skissubækur eftir Þóru sem var frumkvöðull í myndlist á Íslandi. Mannamyndir, margvíslegar útimyndir og jarðfræðimyndir frá helstu ljósmyndurum á tímabilinu og erlendum ferðamönnum, flestar frá Íslandi en nokkrar annars staðar frá.

## SAFN ÖNNU STEPHENSEN (ASt) 1845–1922,

húsfrú, Akureyri.

Gefið af Önnu Stephensen samkvæmt gjafabréfi og afhent 26. maí 1922.

Aldur: Um 1845–1920.

Tölusett: 93 ljósmyndir og olíumálverk eru skráð í sérsafn Önnu.

Skrá: Matthías Þórðarson gerði skrá yfir safnið og eru myndirnar skráðar sem munir. Skráin er í Sarpi, í almennu munasafni.

Myndefni: Fyrst og fremst mannamyndir.

## SCHIØTT, H. A. G. (Sch) 1823–1895,

myndlistarmaður, Kaupmannahöfn, Danmörku.

Gefið af Mark Watson, líklega 31. desember 1964.

Aldur: Um 1862.

Tölusett: 6 tússteikningar.

Skrá: Halldór J. Jónsson gerði skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum Sch af Forsvari á Hvammstanga.

Myndefni: Myndir af þekktum ferðamannastöðum auk baðstofumyndar.

## SIGRÍÐUR BACHMANN (SBa2) 1946,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Sigríði Bachmann 14. janúar 2005.

Aldur: 1989–2004.

Ótölusett: Um 100 ljósmyndir.

Myndefni: Stækkaðar ljósmyndir og sýnishorn ljósmynda frá ljósmyndastofu Sigríðar.

## SJÓMINJASAFN ÍSLANDS (Sms).

Sjóminjasafn Íslands í Hafnarfirði var lagt niður árið 2003 og var þá ákveðið að gripir og myndir safnsins færu í vörslu Þjóðminjasafns Íslands og mynda þar sérsafnið Sjóminjasafnið.

Aldur: Um 1900–1975.

Tölusett: 969 myndir af margvíslegu tagi.

Skrá: Safnið er skráð sem sérsafn í Þjóðminjasafn. Skráin er í Sarpi, almennri myndaskrá, undir einkennisstöfunum Sms.

Myndefni: Sjósókn, skip og fiskvinnsla fyrst og fremst á ljósmyndum, en ennig teikningum og prentmyndum.

## STANLEY-LEIÐANGUR (Stnl).

Gefið af Mark Watson 13. febrúar, 6. ágúst og 23. ágúst 1965, keypt á uppboði 10. mars 1965 og 9. júlí 1982. Keypt af Þjóðhátíðarsjóði og gefið safninu 10. desember 1980.

Aldur: 1790 og 1791.

Tölusett: 42 vatnslitamyndir eftir Edward Dayes, John Baine, Nicholas Pocock, Philip Reinagle, John Pierie, John Thomas Stanley, John Archer Handyside, J. Hassel og Thomas Gurton.

Skrá: Halldór J. Jónsson gerði skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum Stnl af Forsvari á Hvammstanga.

Myndefni: Myndir úr svonefndum Stanley-leiðangri árið 1789 og eftirmyndir eftir myndum úr leiðangri Sir Joseph Banks árið 1772. Hefðbundnir ferðamannastaðir, landslag og húsakostur heldri manna.

## TEXTÍL- OG BÚNINGADEILD (Tob).

Safn ljósmynda úr fórum textíl- og búningadeildar sem var deild innan Þjóðminjasafns frá 1985–1994.

Aldur: Um 1870-1990.

Ótölusett: Um 700 myndir.

Myndefni: Íslenskir þjóðbúningar og fatnaður.

## TÍMINN (T1).

Afhent af skiptastjóra þrotabús Frjálsrar fjölmiðlunar, Sigurði Gizurarsyni hrl., 29. janúar 2004.

Aldur: Um 1959–1997.

Tölusett: 2.281 mynd.

Ótölusett: Um 100.000 ljósmyndir.

Fylgifé: Filmusafn.

Myndefni: Alhliða fréttamyndir teknar af ljósmyndurum *Tímans* (1955-1996), *NT* (1984-1985), *Dags-Tímans* (1996-1997). Myndirnar eru flokkaðar eftir staðfræði, efnisþáttum og mannanöfnum.

## TÍMINN (TM2).

Afhent af skiptastjóra þrotabús Frjálsrar fjölmiðlunar, Sigurði Gizurarsyni hrl., 29. janúar 2004.
Aldur: Um 1959-1997.
Tölusett: 5.214 mannamyndir.
Ótölusett: Um 50.000 ljósmyndir.
Fylgifé: Filmusafn.
Myndefni: Mannamyndir teknar af ljósmyndurum *Tímans* (1955-1996), *NT* (1984-85), *Dags-Tímans* (1996-1997). Myndirnar eru flokkaðar eftir nöfnum í stafrófsröð.

## TRYGGINGASTOFNUN (Try).

Afhent 19. júní 2020.
Aldur: 1936-2000.
Ótölusett: Um 2.500 innrammaðar og lausar myndir og myndir í albúmum.
Myndefni: Starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.

## ÚTVEGSBANKINN (Útvb).

Gefið af Jóhanni Jónssyni 13. desember 2002.
Aldur: 1945-1990.
Tölusett: 1.551 ljósmyndir og filmur.
Skrá: Dóra Pétursdóttir gerði drög að skrá.
Myndefni: Starfsemi Útvegsbankans, starfsfólk hans og félagsstörf þeirra.

## VIGFÚS SIGURGEIRSSON (ViSi) 1900-1984,

ljósmyndari á Akureyri og í Reykjavík.

Gunnar Geir Vigfússon afhenti í mörgum áföngum á árunum 2017-2020.
Aldur: 1923-1970.
Fylgifé: Filmusafn
Ótölusett: Um 12.000 pappírsmyndir.
Myndefni: Ósóttar pantanir frá ljósmyndastofu Vigfúsar, aukaeintök af hópmyndum og myndum úr ferðum með forseta Íslands innan lands og utan.

## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ (Þjlh).

Afhent af Þjóðskjalasafni Íslands 30. september 2009.
Aldur: 1950-2008.
Tölusett: Þjlh1 er 1.312 myndir en Þjlh2 er 2.607 myndir. Nýrri myndir úr leikverkum eru í Þjlh1 en eldri í Þjlh2.
Ótölusett: Um 20.000 myndir. Safninu er skipt upp í nokkrar heildir eftir tímabilum. Lausar myndir flokkaðar eftir leikverkum í þremur hlutum. Albúm frá fyrstu starfsárunum helguð hverju leikverki og möppur með myndum í tímaröð.
Eftirtökur: Um 5.000.
Skrá: Jóhanna Vélaug Gísladóttir skráði fyrstu tæplega 1.000 myndirnar í Þjlh2 eftir upplýsingum sem eru á bakhlið myndanna. Þjóðleikhúsið stóð fyrir átaksverkefni árið 2020 í skráningu og innskönnun á safninu og var skráð framhald af Þjlh1 og hafin skráning á Þjlh2.
Myndefni: Ljósmyndir úr leiksýningum Þjóðleikhússins frá stofnun þess 1950. Úr leiksýningum, af einstökum leikurum og úr starfsemi hússins.

## ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS (Þjms).

Ljósmyndir af starfsvettvangi Þjóðminjasafnins.

Aldur: 1939–1965.

Ótölusett: Um 2.000 pappírsmyndir.

Myndefni: Fornleifarannsóknir, gömul hús og sögustaðir. Myndir eftir ýmsa, m.a. Gísla Gestsson, Kristján Eldjárn og Sigurð Þórarinsson.

## ÞORSTEINN ERLINGSSON (ÞE2) 1858–1914,

skáld, Reykjavík.

Gefið af erfingjum Þorsteins 4. september 1964.
Aldur: 1895.
Fylgifé: 29 plötur.
Ótölusett: Teikningar af rústum.
Myndefni: Ljósmyndir og teikningar frá fornleifarannsóknum Þorsteins árið 1895.

## ÞORSTEINN JÓSEPSSON (ÞJ2) 1907–1967,

blaðamaður, Reykjavík.

Afhent af Ástríði Maríu Þorsteinsdóttur í maí 2011.

Aldur: 1925–1967.

Ótölusett: Um 35.000 pappírsmyndir. Myndirnar eru í albúmum en einnig stakar myndir sem fylgdu filmusafni Þorsteins.

Myndefni: Ísland og íslenskt þjóðlíf, en einnig myndir frá ferðalögum Þorsteins um Evrópu. Þótt kjarna myndanna sé einnig að finna í filmusafni Þorsteins, er hér til dæmis að finna myndir eftir glötuðum filmum frá hernámsárunum.

## ÞÓR GUÐJÓNSSON (ÞóGu3) 1917–2014,

veiðimálastjóri, Reykjavík.

Gefið af Fiskistofu í mars 2020.

Aldur: Um 1950–1980.

Fylgifé: Filmur frá starfsárum Þórs sem Veiðimálastjóra.

Ótölusett: 18 albúm og möppur með svarthvítum myndum og litmyndum og lausar myndir. Alls um 2.600 myndir.

Skrá: Myndirnar kallast að hluta til á við filmur Þórs ÞóGu2, en hér fylgja myndskýringar við fjölda mynda, sem gætu verið ítarlegri en í filmuskrá. Einnig eru hér myndir frá nafngreindum veiðieftirlitsmönnum af starfsvettvangi.

Myndefni: Veiðar í vötnum og ám, laxeldi og annað tengt starfi Þórs.

## ÖRYRKJABANDALAGIÐ (ÖBÍ).

Afhent af formanni Öryrkjabandalagsins, Guðmundi Magnússyni, 27. ágúst 2013.

Aldur: 1961–2004.

Tölusett: 1.542 myndir.

Skrá: Nákvæm skrá yfir myndirnar fylgdi safninu, gerð af Margréti Ögn Rafnsdóttur. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum ÖBÍ af Þorvaldi Böðvarssyni.

Eftirtökur: Stafrænar eftirtökur af öllum myndunum fylgdu með gjöfinni.

Myndefni: Myndir frá starfssemi Öryrkjabandalagsins.

# FILMU- OG PLÖTUSÖFN

### ADAM HOFFRITZ (AHf) 1901–1980,

pípulagningarmaður, Selfossi.

Gefið af Ingu Láru Baldvinsdóttur 3. mars 2017.
Aldur: 1930–1935.
Tölusett: 31 eftirtökufilma.
Eftirtökur: Ekki til.
Myndefni: Mjólkurbú Flóamanna, Selfoss og nærsveitir auk Vestmannaeyja.

### ADOLF VALBERG (AV) 1923–1978,

verslunarmaður, Reykjavík.

Gefið af Írisi Valberg 24. janúar 2017.
Aldur: Um 1945–1980.
Tölusett: 2.059 filmur bæði í svart-hvítu og lit og litskyggnur.
Eftirtökur: Ekki til.
Myndefni: Ferðalög, fjölskyldumyndir og fleira.

### AÐALHEIÐUR ÞORKELSDÓTTIR (AÞ) 1903–1970,

húsfreyja, Reykjavík.

Gefið af Auðbjörgu Guðmundsdóttur 25. október 2010.
Aldur: 1915–1930.
Tölusett: 225 plötur og filmur.
Eftirtökur: Jónas Hallgrímsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Kristín Halla Baldvinsdóttir gerði drög að skrá.
Myndefni: Ferðalög.

### AÐALSTEINN GUÐBJARTSSON (AG) 1899–1973,

sjómaður, Reykjavík.

Gefið af Aðalsteini Aðalsteinssyni 30. nóvember 2000.
Aldur: 1917–um 1930.
Tölusett: 238 plötur og filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur á pappír og síðar stafrænar eftirtökur.
Myndefni: Myndir úr siglingum Aðalsteins á dönskum seglskipum til fjarlægra landa.

## ALFREÐ D. JÓNSSON (ADJ) 1906–1994,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Herði Alfreðssyni 25. júní 2009, 10. apríl 2012, 10. apríl og 30. maí 2018.

Aldur: 1931–1952.

Fylgifé: Pappírsmyndir (ADJ3).

Eftirtökur: Kolbrún Þóra Löve gerði eftirtökur eftir 266 atburða- og staðarmyndum í ADJ1. Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur eftir ADJ5.

Tölusett: Safninu er skipt upp í nokkra hluta. ADJ1 eru 262 plötur með atburða- og staðarmyndum. ADJ2 eru mannamyndir, filmfoto eða multifoto plötur, um 1900 talsins. ADJ3 eru pappírsmyndir, 624 talsins. ADJ4 eru þjóðlífsmyndir á filmum, 7.663 talsins. ADJ5 eru mannamyndaplötur sem voru ónúmeraðar og óskráðar við afhendingu en voru númeraðar og sýndar á greiningarsýningu. Þær eru 2.321.

Ótölusett: Um 5.000 plötur og filmur.

Skrár: Skrá yfir ADJ2 var sett í Sarp af Ragnheiði Hreiðarsdóttur. ADJ5 var sett í Sarp með fjölva af Þorvaldi Böðvarssyni en Kristín Halla Baldvinsdóttir bætti við upplýsingum um þær myndir sem tókst að fá greindar.

Myndefni: Ljósmyndir frá ljósmyndastofu Alfreðs, bæði mannamyndir af stofu og þjóðlífsmyndir.

## ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR (AG) 1902–1985,

ljósmyndari og leikkona, Reykjavík.

Gefið af Þórði Sverrissyni 13. júlí 2015.

Aldur: Um 1920–1950.

Fylgifé: Pappírsmyndir.

Tölusett: 2.882 plötur, svarthvítar filmur og litfilmur.

Myndefni: Reykjavík, fimleikasýningar og ferðalög innan lands og utan.

## ANNA JÓNSDÓTTIR (JPAJ) 1892–1987,

ljósmyndari, Reykjavík og Hafnarfirði.

Sjá Jóhanna Pétursdóttir.

## ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON (ATG) 1948,

jarðvísindamaður og alþingismaður, Reykjavík.

Gefið af Ara Trausta Guðmundssyni 24. júlí 2019.

Aldur: 1993–2005.

Fylgifé: Ferðadagbækur.

Ótölusett: Um 2.400 skyggnur.

Skrá: Listi yfir efnisflokka gerður af Ingu Láru Baldvinsdóttur.

Myndefni: Aðallega úr fjórum leiðöngrum erlendis en einnig frá Íslandi. Jöklar, eldgos og jarðfræði.

## ARI KÁRASON (AK) 1919–1997,

blaðaljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Ara Kárasyni 18. ágúst og 13. október 1987.
Aldur: 1945–1975.
Fylgifé: Skrá yfir myndefnið á lausum blöðum eftir Ara sjálfan.
Tölusett: 1.415 filmublöð (um 40.000 myndir). 4.221 skráningarfærsla í Sarpi.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson og Hörður Geirsson gerðu kontaktkópíur. Sigurður Stefnisson gerði stafrænar eftirtökur eftir 7.556 filmum.
Skrá: Drög að skrá yfir myndefnið eftir Ara fylgdu safninu. Drögin voru sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum AK af Forsvari á Hvammstanga.
Myndefni: Alhliða fréttamyndir frá starfsárum Ara sem blaðaljósmyndara á dagblaðinu *Þjóðviljanum*.

## ARNGRÍMUR ÓLAFSSON (AÓ) 1889–1965,

prentari, Reykjavík.

Gefið af Jóhanni J. Ólafssyni 30. mars 1970.
Aldur: Um 1930-1960.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 2.383 filmur og plötur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur eftir filmum og plötum.
Skrá: Magnús Karel Hannesson gerði frumdrög að skrá. Þorvaldur Böðvarsson setti skrána í Sarp, almenna myndaskrá, og jók við hana undir einkennisstöfunum AÓ.
Myndefni: Náttúrulíf, landslag, fuglar og ferðalög.

## ARNÓR EGILSSON (AE) 1856–1900,

ljósmyndari, Blönduósi, Akureyri og víðar.

Gefið af Sigríði Zoëga og Co 1934 og Þórunni Símonardóttur og Agli Halldórssyni 28. maí 1998.
Fylgifé: Plöturnar bárust með söfnum Péturs Brynjólfssonar og Halldórs E. Arnórssonar.
Tölusett: 5 plötur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur. Katrín Elvarsdóttir gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum AE, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Flatey, brú og fleira. Auk þess eru nokkrar plötur í safni Halldórs E. Arnórssonar að líkindum einnig eftir Arnór (Sjá HEA 1377–78, 1392–93, 1397, 1399–1400).

### ÁGÚST BJARNASON (ÁB) 1910–1993,

bóksali, Vestmannaeyjum.

Gefið af Þorsteini Helgasyni 24. mars 1992.
Aldur: Um 1930.
Fylgifé: Eftirtökur eftir filmunum og aðrar ljósmyndir.
Tölusett: 60 filmur.
Eftirtökur: Fylgdu með safninu. Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum ÁB af Þorvaldi Böðvarssyni.
Myndefni: Ljósmyndir af svonefndum 'króm' í Vestmannaeyjum.

### ÁRNI BJÖRNSSON (ÁBj) 1932,

þjóðháttafræðingur, Reykjavík.

Gefið af Árna Björnssyni 3. september 2009.
Aldur: Um 1987–1989.
Fylgifé: Myndir.
Ótölusett: Um 180 filmurammar.
Myndefni: Vinnuljósmyndir tengdar útgáfu *Árbókar Ferðafélags Íslands 1989* sem helguð var Breiðafjarðareyjum.

### ÁRNI G. EYLANDS (ÁE) 1895–1980,

búnaðarráðunautur, Reykjavík.

Gefið af Erik Eylands 5. september 1987 og af Þorsteini Jónssyni 23. febrúar 2012.
Aldur: Um 1920-1930.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 124 skuggamyndir og 211 filmur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá yfir skuggamyndir. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum ÁE1, af Landvist á Húsavík. Steinar Örn Atlason gerði drög að skrá yfir ÁE2.
Eftirtökur: Jónas Hallgrímsson gerði stafrænar eftirtökur eftir ÁE1, en áður hafði Ellert Þór Arason gert eftirtökur á filmur eftir sama efni.
Myndefni: Ýmislegt viðvíkjandi landbúnaði og þróun hans. Landslag.

### ÁRNI ÍSAKSSON (ÁÍ1) 1943,

veiðimálastjóri, Reykjavík.

Afhent af Fiskistofu í mars 2020.
Aldur: 1967–2013.
Fylgifé: 1.200 pappírsmyndir.
Ótölusett: Um 1.500 litskyggnur.
Myndefni: Veiðar í ám og vötnum, laxeldi og annað tengt starfi Árna.

## ÁRNI MATTHÍASSON (ÁM) 1920–1971,

rakarameistari, Ísafirði.

Gefið af Þorsteini Jónssyni 24. maí 2012.
Aldur: 1930–1950.
Tölusett: 53 filmur.
Skrá: Steinar Örn Atlason gerði drög að skrá.
Eftirtökur: Jónas Hallgrímsson gerði stafrænar eftirtökur eftir filmublöðum.
Myndefni: Ísafjörður, hús, mannlíf og umhverfi.

## ÁRNI THORSTEINSON (ÁTh) 1870–1962,

ljósmyndari og tónskáld, Reykjavík.

Gefið af Ingibjörgu Briem Ólafsdóttur 1. nóvember 1968 og Þrúði Briem Ólafsdóttur 17. september 1982. Viðbót afhent af Þorsteini Jónssyni 23. febrúar 2012. Safnaramiðstöðin gaf filmur frá Árna 27. mars 2015.
Aldur: 1898–1918 og 1920–1945.
Fylgifé: 6 skráningarbækur.
Tölusett: 10.047 plötur og 1.144 eftirtökuplötur. Viðbót frá Þorsteini Jónssyni var 77 plötur og 19 eftirtökuplötur.
Ótölusett: Um 360 plötur og 236 filmur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði spjaldskrá og merkti þá við þær plötur sem voru ennþá á sínum stað í plötusafninu er það barst til Þjóðminjasafnsins. Skráin var sett í Sarp undir einkennisstöfunum ÁTh af Forsvari á Hvammstanga. Skrá yfir eftirtökur var sett í Sarp undir einkennistöfunum ÁTh2 af Forsvari á Hvammstanga. Aðeins voru settar inn í Sarp upplýsingar um þær plötur sem voru í safninu við afhendingu. Viðbótarplötur sem bárust frá Þorsteini eru utan við skrár.
Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu Árna í ljósmyndahúsi í bakgarði við Austurstræti í Reykjavík. Á filmunum eru sveitabæir, Reykjavík og fjölskylda.

## ÁRSÆLL JÓNASSON (ÁJ) 1901–1990,

kafari og framkvæmdastjóri, Reykjavík.

Gefið af Björgunarsveitinni Ingólfi 28. desember 1999.
Aldur: 1930–1970.
Tölusett: 473 filmur.
Fylgifé: Ljósmyndir.
Skrá: Engin skrá er til.
Myndefni: Ferðalög, skip og útlönd.

## ÁSLAUG ZOËGA (ÁS) 1895–1967,

húsfreyja, Reykjavík.

Gefið af Gunnari Snorra Gunnarssyni 10. ágúst 2012.
Aldur: Um 1920–1940.
Tölusett: 260 filmur og glerplötur.
Eftirtökur: Jónas Hallgrímsson gerði stafrænar eftirtökur eftir filmublöðum.
Myndefni: Fjölskylda og ferðalög.

## ÁSTA SVANHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR* (ÁSG) 1910–1983,

húsfreyja, Reykjavík.

Gefið af Auðunni Helgasyni 19. janúar 2009.
Aldur: Um 1930–1960.
Fylgifé: Myndaalbúm: Lpr-2009-3-5.
Tölusett: 358 filmur.
Eftirtökur: Jónas Hallgrímsson gerði stafrænar eftirtökur.
Myndefni: Ferðalög, heimili og mannfagnaðir, sumarbústaðalíf og íþróttir.

*Maður hennar Sigurður Jafetsson kann að hafa tekið eitthvað af myndunum,

## BÁRÐUR SIGURÐSSON (BS) 1872–1937,

ljósmyndari og bóndi, Höfða, Mývatnssveit.

Gefið af Ragnhild Bondevik 10. október 1988.
Aldur: Um 1905–1920.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 160 skuggamyndir.
Eftirtökur: Björn Pálsson (eftir 82 myndum) á pappír, Ellert Þór Arason eftir öllu safninu. Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Halldór J. Jónsson gerði drög að skrá. Inga Lára Baldvinsdóttir skráði safnið og var sú skrá sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennistöfunum BS, af Forsvari á Hvammstanga.
Myndefni: Þjóðlífsmyndir, aðallega úr Þingeyjarsýslu. Þeim fylgja fjöldaframleiddar myndir af erlendum toga.

## BIRTINGUR.

Afhent af Útgáfufélaginu Birtingi 2. apríl 2012.
Aldur: 1992-2002.
Tölusett: 4.163 filmur og myndir.
Ótölusett: Um 10.000 filmur og myndir.
Skrá: Dóra Pétursdóttir gerð drög að skrá yfir það sem númerað er.
Myndefni: Efni frá tímaritinu *Gestgjafanum*, *Séð og heyrt* og fleiri blöðum frá árunum 1992-2002. Lokað safn um óákveðinn tíma. Höfundarréttarsamningar liggja ekki fyrir.

### BJARNI CHRISTINN EYJÓLFSSON (CBE) 1883–1933,

ljósmyndari og umboðssali, Reykjavík.

Gefið af Eggert Arasyni 27. apríl 1994 og viðbót frá Þorsteini Jónssyni 23. febrúar 2012.
Aldur: 1904–1912.
Tölusett: 817 plötur og 1.489 plötur til viðbótar frá Þorsteini.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur á pappír eftir 817 plötum í fyrri aðföngum. Úrval þjóðlífsmynda var skannað inn af Katrínu Elvarsdóttur. Ívar gerði stafrænar eftirtökur eftir öllu safninu, 2.306 plötum.
Skrá: Skrá yfir fyrri aðföngin, byggða á upplýsingum sem fengust á sýningu á myndunum í Bogasal 1995, gerði Inga Lára Baldvinsdóttir. Skráin var sett í Sarp undir einkennisstöfunum CBE. Þorvaldur Böðvarsson frumskráði viðbótina, sem barst frá Þorsteini í Sarp og Inga Lára Baldvinsdóttir grunnskráði í framhaldinu.
Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu Bjarna Kristins Eyjólfssonar í Templarasundi í Reykjavík. Bjarni merkti myndir sínar Chr. B. Eyjólfsson eða Atelier Moderne.

### BJARNI ÞORSTEINSSON (BÞ) 1861–1938,

prestur og tónskáld, Siglufirði.

Gefið af Sigrúnu Jónsdóttur 14. október 1981 og 9. september 1992.
Aldur: 1901–1910.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 20 plötur.
Eftirtökur: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði eftirtökur á pappír. Katrín Elvarsdóttir gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum BÞ af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Mannamyndir og fimm útimyndir frá Siglufirði.

### BJÖRGÚLFUR ÓLAFSSON (BÓ) 1887–1973,

læknir, Austur-Indíum, Bessastöðum og Seltjarnarnesi.

Gefið af börnum hans 6. október 1989.
Aldur: Um 1913–1935.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 661 plötur og filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Lára Pálsdóttir gerði drög að skrá, sem sett var í Sarp, almenna myndaskrá, af Forsvari á Hvammstanga undir einkennisstöfunum BÓ.
Myndefni: Austur-Indíur og útlönd að stærstum hluta, en nokkrar myndir frá Bessastöðum og ferðalögum á Íslandi.

## BJÖRN M. ARNÓRSSON (BMA) 1891-1962,

stórkaupmaður, Reykjavík.

Gefið af Helgu Björnsdóttur 30. september 1996.
Aldur: 1930-1950.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 2.714 filmur og plötur.
Eftirtökur: Vala Dóra Jónsdóttir og Ívar Brynjólfsson gerðu eftirtökur á pappír. Sigurður Stefnisson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði skrá yfir safnið. Þorvaldur Böðvarsson setti skrána í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum BMA.
Myndefni: Landslag að mestu, en einnig þjóðlífsmyndir, en Björn var einn helsti áhugaljósmyndari landsins á tímabili og birtust myndir hans í fjölda blaða og bóka.

## BJÖRN BJÖRNSSON (BB) 1889-1977,

kaupmaður, Neskaupsstað, ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af barnabörnum Björns með sérstöku gjafabréfi 20. júní 2014.
Aldur: 1912-1977.
Fylgifé: Myndir, albúm og myndavélar.
Tölusett: BB1 eru 26.062 filmur, BB2 eru 345 glerplötur og BB3 eru 7.813 litskyggnur.
Eftirtökur: Sigurður Stefnisson gerði stafrænar eftirtökur eftir fyrstu 2.254 filmunum í BB1. Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar kontaktkópíur eftir BB1, BB2 og BB3.
Skrá: Gerð hefur verið skrá byggð á meðfylgjandi upplýsingum yfir allt safnið. Excelskrá byggða á meðfylgjandi upplýsingum með BB1 gerðu Margrét Gísladóttir og Kristín Halla Baldvinsdóttir. Þorvaldur Böðvarsson setti þá skrá í Sarp sem frumskráningu og BB2. Skrá yfir BB2 var síðan yfirfarin í Sarpi og bætt við staðsetningum og efnisorðum. Yfir BB3 er til handskrifaður listi sem þarf að yfirfara.
Myndefni: Austfirðir, mannlíf og landslag. Björn varð fyrstur Íslendinga til að sérhæfa sig í fuglamyndatökum og eru í safninu myndir hans af fuglum. Landslag um allt land og mannlíf og umhverfi þar og í Reykjavík.

## BJÖRN P. BLÖNDAL (BPB) 1888-1966,

póstafgreiðslumaður, Hvammstanga.

Gefið af Karínu Blöndal 4. desember 2002 og viðbót af Guðmundi Má Sigurðssyni 10. desember 2019.
Aldur: 1911-um 1930.
Fylgifé: Myndavél og nokkrar myndir.
Tölusett: 425 filmur og plötur, þar af 9 plötur frá Guðmundi.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Þór Magnússon, Inga Lára Baldvinsdóttir og Þórður Skúlason gerðu skrá. Hún var sett í Sarp, almenna myndaskrá, af Forsvari á Hvammstanga undir einkennisstöfunum BPB. Plöturnar níu sem bárust síðar eru óskráðar.
Myndefni: Fólk, mannlíf og hús á Hvammstanga og í nærsveitum.

## BRAGI ÞÓR JÓSEFSSON (BÞJ) 1961,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Braga Þór Jósefssyni 17. júlí 2017.

Aldur: 1982-2005.

Ótölusett: Um 200.000 filmur.

Skrá: Engin skrá er fyrirliggjandi.

Myndefni: Fjölbreytt efni frá starfsferli Braga sem ljósmyndara bæði á eigin vegum en einnig frá starfi hans sem ljósmyndara hjá Birtingi útgáfufélagi *Húsa og híbýla*, *Gestgjafans* og *Mannlífs*.

## BÚSÁHALDABYLTINGIN (Bús1 og Bús2).

Gefið af Oddi Benediktssyni prófessor (1937-2010), Katrínu Oddsdóttur lögfræðingi (f. 1977) og Jóhanni Ágústi Hansen viðskiptafræðingi og listmunasala (f. 1969), en þau eru jafnframt ljósmyndarar myndanna, í janúar 2010.

Aldur: 2009.

Tölusett: Stafrænar myndir afhentar á diskum. Bús1 eru 1.673 myndir frá Oddi og Katrínu og Bús2 eru 107 myndir frá Jóhanni.

Skrá: Þorvaldur Böðvarsson frumskráði Bús1 og Bús2 í Sarp og Inga Lára Baldvinsdóttir grunnskráði Bús1 að hluta.

Myndefni: Fjölbreytt myndefni af mótmælum á Austurvelli árið 2008-2009 og líka við Stjórnarráðið er síðar fengu heitið Búsáhaldabyltingin.

## CARL ÓLAFSSON (CÓ) 1887-1953,

ljósmyndari, Hafnarfirði og Reykjavík.

Gefið af Önnu Guðjónsdóttur 30. janúar 1960.

Aldur: 1910-1918 og 1947-1952 (mannamyndir), um 1905-1930 (útimyndir).

Fylgifé: Ein skráningarbók frá árunum 1910-1918 og önnur frá árunum 1947-1952.

Tölusett: 1.096 plötur og 56 plötur með útimyndum. Plötur teknar á Vopnafirði 1915, 132 númer (Áður var talið að Jón J. Dahlmann hefði tekið þessar myndir, en er vissa fékkst fyrir að þær væru teknar á vegum Carls voru þær skráðar undir nýju heiti). Með safni Jóns J. Dahlmanns barst plötusafn með 15.478 plötum frá ljósmyndastofu Carls á Laugavegi 46 í Reykjavík. Sjá Jón J. Dahlmann.

Skrá: Halldór J. Jónsson gerði spjaldskrá um mannamyndir 1947-1952. Skráin var sett í Sarp undir einkennisstöfunum CÓ1. Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá yfir útimyndir. Sú skrá var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum CÓ2 af Forsvari á Hvammstanga. Ákveðið var að skrá myndir Carls sem komu með safni Jóns J. Dahlmann undir nafni Carls. Skráin var sett í Sarp undir einkennisstöfunum CÓ3 af Forsvari á Hvammstanga. Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá yfir Vopnafjarðarmyndirnar. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum CÓ4 af Landvist á Húsavík.

Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson hefur gert eftirtökur á pappír eftir útimyndum og plötum frá Vopnafirði. Katrín Elvarsdóttir gerði stafrænar eftirtökur eftir útimyndaplötum.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu Carls á Laugavegi 46 og í Miðtúni 34 í Reykjavík. Útimyndir, mest frá fyrsta áratug aldarinnar, frá Hafnarfirði og víðar.

## COLLINGWOOD, WILLIAM GERSHOM (Lpr) 1854–1932,

lista- og fræðimaður, Englandi.

Gefið af Mark Watson 23. ágúst 1965.
Aldur: 1897.
Fylgifé: Eftirtökur.
Tölusett: 23 filmur og 54 skuggamyndir, sjá Lpr-2127,1-23 og 2094,1-54.
Eftirtökur: Enskur ljósmyndari vann eftirtökurnar fyrir Mark Watson. Eftirtökur eftir skuggamyndum vann Ellert Þór Arason.
Myndefni: Íslandsför Collingwoods um Suðurland, Vesturland og Norðvesturland og eftirmyndir af vatnslitamyndum og teikningum er hann gerði í sömu för.

## CRANER, RUDOLPH (Lpr) 1881–1959,

landmælingamaður, Kaupmannahöfn.

Gefið af Gondu Craner 27. júlí 1972.
Aldur: 1908–1914.
Fylgifé: Myndavél, skoðunarkíkir, ljósmyndir og listi yfir myndefni á glerplötum.
Tölusett: Lpr-2764: 174 plötur og Lpr-2765: 98 skuggamyndir.
Eftirtökur: Ímynd gerði eftirtökur á pappír eftir plötunum. Ellert Þór Arason gerði eftirtökur eftir skyggnunum á pappír. Jónas Hallgrímsson gerði stafrænar eftirtökur eftir hvoru tveggja.
Drög að skrá um íslenska hlutann gerði Halldór J. Jónsson. Hún var prentuð í sýningarskrá um myndirnar frá 1986, en þá var haldin sérstök sýning á myndum Craners í Þjóðminjasafni. Inga Lára Baldvinsdóttir jók við skrána og var hún sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir það númer sem safninu var gefið í Ljós- og prentmyndasafni, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Frá ferðum Craners við landmælingar á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum.

## DAGBJARTUR GUÐMUNDSSON (DG) 1910–1988,

verkamaður, Eyrarbakka.

Gefið af Erlu Karlsdóttur 12. september 2002.
Aldur: Um 1930–1940.
Fylgifé: Myndir.
Tölusett: 202 filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði kontaktkópíur og síðar stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum DG, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Vegavinna og ýmislegt tengt henni, íþróttamót, búskapur.

## EIÐUR GUÐNASON (EiGu) 1939–2017,

fréttamaður og sendiherra, Reykjavík.

Gefið af Eiði Guðnasyni 20. maí 2014.
Aldur: Um 1965–1975.
Fylgifé: Nokkrir kontaktar.
Ótölusett: 97 filmublöð með 35 mm filmum. Um 2.190 filmurammar.
Myndefni: Myndir frá tíð Eiðs sem blaðamanns auk fjölskyldumynda.

## EINAR GUNNARSSON (EG) 1874–1922,

ritstjóri, Reykjavík.

Gefið af Einari Gunnarssyni 2. júlí 1920.
Aldur: Um 1910–1920.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 204 plötur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur á pappír og síðar á stafrænu formi.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum EG, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Aðallega mannamyndir teknar utan ljósmyndastofu.

## EINAR KRISTJÁNSSON (EK) 1898–1960,

lyfjasveinn, Eyrarbakka, Siglufirði og Akureyri.

Gefið af Ólafi G. Einarssyni 9. janúar 2003 og 28. nóvember 2007.
Aldur: Um 1920–1950.
Fylgifé: Myndir.
Tölusett: 3.428 filmur og plötur og 45 upprúllaðar filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson og Hörður Geirsson gerðu eftirtökur á pappír eftir hluta safnsins. Ívar gerði stafrænar eftirtökur eftir hluta safnsins eða 970 númerum.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá yfir þann hluta sem barst 2003, og byggði þar að hluta á greiningu Örlygs Kristfinnssonar og Hannesar Baldvinssonar auk viðbóta frá Ólafi G. Einarssyni. 1.192 færslur eru í Sarpi og 970 þeirra með mynd.
Myndefni: Siglufjörður; hús og mannlíf, fjölskylda og börn, auk fáeinna mynda frá Eyrarbakka og Ólafsvík.

## [GUÐSTEINN] ELÍAS HANNESSON (EH) 1918–1975,

ljósmyndari, Reykjavík.

Afhent af Þorsteini Jónssyni 24. maí 2012.
Aldur: 1952–1974.
Tölusett: 1.266 filmur.
Skrá: Steinar Örn Atlason gerði drög að skrá byggða á meðfylgjandi gögnum.
Myndefni: Þjóðlífsmyndir af ýmsu tagi en með áherslu á Sjómannadag í Reykjavík, sjómenn og fiskverkun.

### ELÍSABET ÍSLEIFSDÓTTIR (EÍ) 1910–2001,

húsfreyja, Reykjavík.

Gefið af Þóri Stephensen 21. september 2016.
Aldur: 1950–1970.
Tölusett: 932 filmur.
Myndefni: Kirkjur víða um land að utan og innan.

### ELLY MARGARETHE SCHEPLER (EMS) 1896–1941,

húsfreyja, Reykjavík.

Gefið af Stefáni Þór, Elsu Margréti og Kára Halldóri Þórsbörnum 27. apríl 2012.
Aldur: 1915–1940.
Tölusett: 907 filmur og plötur.
Myndefni: Fjölskylda ljósmyndarans í Danmörku og á Íslandi, ferðalög og fleira.

### ELSE SÖRENSEN BÁRÐARSON (ESB) 1920–2008,

húsfreyja, Garðabæ.

Barst með safni Hjálmars R. Bárðarsonar í september 2009.
Aldur: 1940–1947.
Tölusett: 389 filmur.
Skrá: Steinar Örn Atlason gerði drög að skrá.
Myndefni: Ferðalög og frístundir í Danmörku.

### ERKES, HEINRICH (HE) 1864-1932,

bókavörður og rithöfundur, Köln, Þýskalandi.

Gefið af Horst Noll, Geologisches Institut, Universität Köln, 11. nóvember 1996.
Aldur: Um 1910.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 128 skyggnur.
Eftirtökur: Ellert Þór Arason gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Gísli Sveinn Loftsson skráði safnið í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum HE.
Myndefni: Norðausturland, aðallega myndir með jarðfræðilegu efni.

### EYJÓLFUR R. ÁRNASON (ERÁ) 1910–1987,

gullsmiður, Akureyri.

Gefið af Gunnari Geir Vigfússyni 7. ágúst 2017.
Aldur: 1927-1968.
Tölusett: 1.254 blaðfilmur.
Myndefni: Ferðalög, fólk, útivist og bæjarmyndir frá Akureyri.

## EYJÓLFUR JÓHANNSSON (EyJó) 1895–1959,*

framkvæmdastjóri, Reykjavík.

Gefið af Hönnu Fríðu Jóhannsdóttur 23. júlí 2017.
Aldur: 1930–1955.
Tölusett: 474 glerplötur, blaðfilmur og litfilmur.
Myndefni: Ferðalög, íþróttir, Reykjavík og viðskipti.

*Hluti af filmunum gæti verið frá Jóhanni syni hans (1919-2006).

## EYJÓLFUR JÓNSSON (EJ) 1869–1944,

ljósmyndari og klæðskeri, Seyðisfirði.

Gefið af Grétari Brynjólfssyni 1. apríl 1976.
Aldur: 1880–1910.
Tölusett: 37 plötur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur á pappír og síðar stafrænar.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum EJ, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Mannamyndir og örfáar útimyndir frá Seyðisfirði. Meðal platnanna eru nokkrar votplötur, sem eru líklega teknar af einhverjum öðrum en Eyjólfi.

## FERÐAMÁLARÁÐ (FERÐ2).

Afhent af Dagrúnu Árnadóttur 28. apríl 2010.
Aldur: Um 1965–2010.
Fylgifé: Pappírsmyndir.
Ótölusett: 5.000 filmur.
Myndefni: Kynningarmyndir um Ísland sem ferðamannaland eftir ýmsa ljósmyndara.

## FINNBOGI JÓNSSON (FJ) 1950–2016,

rithöfundur, Reykjavík.

Afhent af Finnboga Jónssyni 4. febrúar 2015.
Aldur: 1985–2014.
Fylgifé: Ljósmyndir.
Tölusett: 44 filmublöð með um 1.500 myndum.
Myndefni: Landslag, býli og fólk í Barðastrandarsýslum. Tengt rannsóknum á sögu og mannlífi í sýslunni.

## FLATEYJARMYNDIR (FL).

Gefið af Tryggva Sveinbjörnssyni 22. október 1974.
Aldur: Um 1870–1930.
Fylgifé: Persónusaga Flateyjarhrepps í handritadeild Landsbókasafns (Lbs. 787 fol.). Handrit myndskreytt með eftirtökum eftir þessum plötum. Ljósrit af myndum í handritinu afhent 7. desember 1990.
Tölusett: 264 plötur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Guðbjörg Gissurardóttir gerði nafnaskrá byggða á lausum miðum er fylgdu hverri plötu. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum FL, af Forsvari á Hvammstanga.
Myndefni: Eftirtökur af mannamyndum af íbúum í Flatey á Breiðafirði og nærliggjandi eyjum.

## FREDDY LAUSTSEN (FrLa) 1916–2006,

húsgagnasmiður, Reykjavík.

Gefið af Freddy Laustsen 30. mars 2001.
Aldur: Um 1950–1970.
Fylgifé: Ljósmyndir.
Tölusett: 4.290 blaðfilmur og 13.116 filmurammar.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar kontaktkópíur eftir hluta af svart-hvítum filmum.
Myndefni: Freddy var virkur áhugaljósmyndari meðal annars í ljósmyndaklúbbnum Írisi. Myndefnið er lýsandi fyrir áhugaljósmyndara tímabilsins. Myndræn sjónarhorn og tilraunir til listrænnar sköpunar.

## FRIÐRIK GÍSLASON (FG) 1870–1906,

ljósmyndari, Vestmannaeyjum og Reykjavík.

Í plötusafni Sigfúsar Eymundssonar, sem keypt var 5. maí 1915, voru sérstaklega merktar og númeraðar plötur, sem reyndust vera frá Friðriki Gíslasyni. Friðrik starfaði í Vestmannaeyjum og eru þessar plötur frá þeim tíma. Síðar vann hann á ljósmyndastofu Sigfúsar Eymundssonar. Einhverjar platna Friðriks eru enn í safni Sigfúsar og eru þær jafnan eignaðar Sigfúsi. Tvær plötur komu frá Þorsteini Jónssyni 23. febrúar 2012.
Aldur: 1892–1894.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 161 plata með 297 myndum.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur á pappír og síðar stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá og var hún sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum FG, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Mannamyndir, aðallega úr Vestmannaeyjum, en einnig úr Rangárvalla- og Skaftafellssýslum.

## FRIÐRIK HAFLIÐI LUDVIGSSON (FHL) 1901–1961,

kaupmaður, Reykjavík.

Gefið af Anton Holt 11. mars 2003.
Aldur: Um 1920–1950.
Fylgifé: Fáeinar ljósmyndir.
Ótölusett: Um 1.500 filmur og plötur. Rúmlega 200 skyggnur af ýmsum uppruna.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur eftir 96 plötum.
Myndefni: Reykjavík og ferðalög.

## G[ökcetin] CHET KANRA (GCK),

arkitekt, Stokkhólmi.

Gefið af Chet 2. júlí 2014.
Aldur: 1968.
Tölusett: 50 filmur bæði í svarthvítu og lit.
Myndefni: Um borð í Gullfossi í nóvember 1968.

## GEIR G[eirsson] ZOËGA (GZ) 1885–1959,

vegamálastjóri, Reykjavík.

Gefið af Vegagerðinni 6. apríl 2009, 7. mars 2011 og Geir Zoëga 25. nóvember 2015.
Aldur: 1915–1962.
Tölusett: GZ1 eru 1.176 filmur og plötur. GZ2 1.113 eru myndir á 35 mm filmum. GZ3 eru 112 filmur frá dönskum aðila sem ferðast hefur með Geir sumarið 1939. Filmur og plötur sem bárust úr fórum fjölskyldunnar 2015 mynda GZ4. Það eru 1.863 filmur.
Fylgifé: Plötur frá Thorvald Krabbe og skráðar í hans nafni.
Eftirtökur: Hörður Geirsson gerði stafrænar eftirtökur eftir GZ1. Viktor Arnar Ingólfsson gerði stafrænar vinnumyndir eftir GZ2. Hörður Geirsson gerði stafrænar eftirtökur eftir GZ3.
Skrá: Kristín Halla Baldvinsdóttir gerði skrá yfir GZ1 með liðveislu margra heimildarmanna og setti í Sarp. Upplýsingar um myndefnið fylgdu GZ2. Það var skráð í Sarp á Húsavík af Ragnheiði Hreiðarsdóttur. Inga Lára Baldvinsdóttir skráði GZ3 í Sarp. Viðbótarfilmur eru úr einkalífi Geirs og aðallega af fjölskyldu hans.
Myndefni: Vegagerð, brúarsmíði, brunavarnir og hafnir. Fjölskylda Geirs, hús og sumarhús.

## GEIR H[elgason] ZOËGA (GHZ) 1896–1978,

kaupmaður, Reykjavík.

Gefið af Tómasi Zoëga 8. júlí 2020.
Aldur: 1915–1930.
Tölusett: 343 filmur.
Myndefni: Atvinnulíf, ferðalög og fjölskylda.

## GESTUR EINARSSON (GE) 1933–1993,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Ágústu Einarsdóttur og Páli Einarssyni 8. febrúar 1996.

Aldur: 1961–1974.

Fylgifé: Átta skráningarbækur og mikið af myndum frá ljósmyndastofu Gests.

Tölusett: 7.488 tökunúmer frá ljósmyndastofunni. 706 litfilmur eru GE3.

Ótölusett: Filmur með þjóðlífsmyndum sem eru um 570 og mynda GE4. Um 2.500 blaðfilmur eru utan við númerakerfi.

Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson hefur gert kontaktkópíur eftir hluta af ótölusettum filmum í safninu. Hörður Geirsson gerði kontaktkópíur eftir völdum myndatökum úr safninu.

Skrá: Spjaldskrá fylgdi safninu við afhendingu. Skrá yfir mannamyndir var sett í Sarp, mannamyndir, af Landvist á Húsavík undir einkennisstöfunum GE. Steinar Örn Atlason gerði frumdrög að skrá yfir GE3. Upplýsingar um nöfn og staði eru skrifaðar aftan á kontaktkópíur af GE4 eftir upplýsingum heimildamanna.

Myndefni: Myndir teknar á Stúdíó Gests, ljósmyndastofu Gests, sem rekin var á Laufásvegi 18a í Reykjavík frá 1961-1974. Einnig úr myndatökuferðum á Selfoss, sem Gestur fór í með reglulegu millibili.

## GESTUR ODDLEIFSSON (GO) 1896–1984,

bílstjóri, Reykjavík.

Gefið af Auði Gestsdóttur 18. mars 2010.

Aldur: Um 1925–1935.

Tölusett: 115 filmur.

Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.

Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá og skráði í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum GO.

Myndefni: Ferðalög, skip í Keflavík og hús í Reykjavík.

## GÍSLI GESTSSON (GG) 1907–1984,

safnvörður, Reykjavík.

Gefið af Önnu, Margréti, Sigrúnu og Gesti Gíslabörnum 18. janúar 1998.

Aldur: Um 1935–1984.

Tölusett: Um 7.400 filmur. Þar af 6.080 í almennu safni en annað skráð eftir tilteknum fornleifarannsóknum.

Ótölusett: Um 1.500 filmur.

Fylgifé: Myndaalbúm og lausar myndir.

Eftirtökur: Gísli Gestsson hefur gert eftirtökur eftir flestum tölusettu myndunum og Ívar Brynjólfsson og Hörður Geirsson af hluta af því sem upp á vantaði. Ívar Brynjólfsson gerði stafræna kontakta eftir safninu. Sigurður Stefnisson hefur gert stafrænar eftirtökur eftir um 1.600 filmum.

Skrá: Margrét Gísladóttir hefur gert drög að skrá yfir hluta safnsins.

Myndefni: Safngripir í Þjóðminjasafni og fornleifarannsóknir sem Gísli tók þátt í eða stýrði, m.a. frá Gröf í Öræfum, Bergþórshvoli, Skálholti, Reyðarfelli og Kúabót. Ýmsar myndir af húsum og minjum víða um land. Fjölskylda og ættmenni. Inn á milli er smáslæðingur af filmum frá Kristjáni Eldjárn enda notuðu þeir Gísli oft sömu myndavélina og Gísli annaðist myndvinnslu fyrir Kristján.

## GÍSLI GUÐMUNDSSON (GíGu) 1915–2010,

skipasmiður, Reykjavík.

Gefið af Sigurði Pálmasyni, Safnaramiðstöðinni 7. apríl 2015.
Aldur: 1933–1945.
Tölusett: 34 blaðfilmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Þorvaldur Böðvarsson frumskráði safnið í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum GíGu.
Myndefni: Íslenskir nasistar og göngur þeirra í Reykjavík.

## GÍSLI ÓLAFSSON (GÓ) 1898–1991,

bakari, Reykjavík.

Gefandi Benedikt Erlingsson 26. janúar 2017.
Aldur: 1925–1965.
Tölusett: 1.275 glerplötur og filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafræna kontakta af filmublöðum.
Myndefni: Fjölskylda, ferðalög, Reykjavík og Eyrarbakki.

## GOODWIN, HEINRICH BUERGEL (HBG) 1878–1931,

ljósmyndari, Stokkhólmi.

Gefið af Þorvaldi Thoroddsen og er hluti af sérsafni Þorvaldar og Þóru Thoroddsen, Þ. og Þ. Th.196.
Aldur: 1901–1902.
Fylgifé: Ekkert, en í safni Þorvaldar og Þóru eru einnig póstkort og bréf frá Heinrich frá árunum 1901-1902.
Tölusett: 40 plötur og 5 filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá og var hún sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum HBG, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Sesselja Thorberg og fjölskylda hennar í Kaupmannahöfn.

## GRÉTAR EIRÍKSSON (GrE1) 1923–2004,

tæknifræðingur, Reykjavík.

Gefið af Gunnhildi Steingrímsdóttur 30. nóvember 2005.
Aldur: Um 1950–2000.
Fylgifé: Um 100 ljósmyndir.
Tölusett: 263 filmublöð eða um 5.000 filmurammar.
Skrá: Hluti filmanna var merktur en Margrét Gísladóttir greindi fleiri og gerði drög að skrá. Pálmi Pálmason sló inn.
Myndefni: Mannamyndafilmur Grétars. Við andlát hans var filmusafni hans skipt í þrjá hluta og fékk Þjóðminjasafnið mannamyndafilmurnar í sinn hlut. Útgáfufyrirtækið Snerra fékk landslagsfilmur og munu þær nú glataðar.

## GRÍMUR BJARNASON (GB) 1955,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Grími Bjarnasyni í maí 2015.
Aldur: 1987–2015.
Ótölusett: Áætlað um 600.000 filmurammar.
Skrá: Engin skráning fylgdi safninu.
Myndefni: Frá starfsferli Gríms við auglýsingaljósmyndun, leikhúsmyndatökur og blaðaljósmyndun.

## GROSZ, PETER, 1926–2006 og LILLIAN, 1930 (PG),

flugvélafræðingur og rithöfundur, Princeton, New Jersey, Bandaríkjunum.

Gefið af Lillian Grosz 16. október 2009.
Fylgifé: Dagbók Lillian úr Íslandsferð.
Aldur: 1962–1969. Lillian tók myndirnar í ferðinni 1966.
Tölusett: 613 skyggnur.
Skrá: Listi yfir myndefni fylgir.
Eftirtökur: Sigurður Stefnisson gerði stafrænar eftirtökur.
Myndefni: Úr ferðum Peters til Íslands 1962 og 1969 og með konu og börnum árið 1966. Frá jarðfræðirannsóknum og úr fjölskylduferð.

## GUÐBJARTUR ÁSGEIRSSON (GÁ) 1889–1965,

matsveinn, Hafnarfirði.

Gefið af Fiskimálasjóði 9. desember 1977, sem hafði keypt safnið af Guðbjarti. Nokkrar viðbótarplötur bárust með safni Þorsteins Jóspesonar í maí 2011.
Aldur: 1915–1955.
Fylgifé: Vélrituð skrá og möppur með myndum.
Tölusett: 1.666 plötur og filmur.
Eftirtökur: Herdís Guðmundsdóttir og Guðbjartur Ásgeirsson. Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Ágúst Ó. Georgsson vann að nákvæmri skráningu á árunum 1987-1990. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum GÁ, af Forsvari á Hvammstanga.
Myndefni: Skip og sjómennska, hafnir víða um land, fiskverkun í Hafnarfirði.

## GUÐJÓN HAFSTEINN JÓNATANSSON (GuJó) 1910–1993,

bifreiðastjóri, Reykjavík.

Gefið af Guðjóni Guðvarðarsyni 7. mars 2017.
Aldur: Um 1940–1965.
Tölusett: 947 blaðfilmur.
Myndefni: Ferðalög, fjölskylda og fleira.

## GUÐMUNDUR G. BÁRÐARSON (GGB) 1880–1933,

jarðfræðingur og kennari, Reykjavík.

Gefið af Jóhönnu Ólafsdóttur 28. janúar 2013.
Aldur: Um 1905–1920.
Tölusett: 56 plötur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Myndefni: Bæir í Húnavatnssýslu og fjölskylda.

## GUÐMUNDUR EINARSSON (GEi) 1895–1963,

myndhöggvari, Reykjavík.

Gefið af Lydíu Pálsdóttur 15. desember 1992.
Aldur: Um 1925–1963.
Tölusett: 2.460 filmur og 176 skyggnur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði kontakta eftir filmum en Ellert Þór Arason eftir skyggnum.
Skrá: Lydia Pálsdóttir gerði drög að skrá sem er handskrifuð. Steinar Örn Atlason gerði drög að skrá yfir skyggnur.
Myndefni: Ferðalög, líf og list Guðmundar Einarssonar frá Miðdal.

## GUÐMUNDUR A. ERLENDSSON (GAE) 1921–1996,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Guðmundi A. Erlendssyni 22. janúar 1979 og Auði Guðmundsdóttur 20. desember 1996.
Aldur: 1950–1993.
Fylgifé: 18 skráningarbækur frá starfsárum á Laugavegi (1950–1961). 16 skráningarbækur og 32 möppur frá starfsárum í Garðastræti og Einholti. Auk þess spjaldskrá yfir hluta safnsins og 8 aðrar bækur af ýmsu tagi. Mikið af ljósmyndum frá ljósmyndastofu Guðmundar. Margs konar tækjabúnaður.
Tölusett: 12.371 tökunúmer (1950–1961) og 75.271 tökunúmer (1961–1993) í svarthvítu og lit. Um 2.864 blaðfilmur frá ferðalögum og af þjóðlífi í svarthvítu.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði kontaktkópíur eftir þjóðlífsmyndum.
Skrá: Landvist á Húsavík skráði safnið frá 1950-1961 í Sarp undir einkennisstöfunum GAE. Forsvar á Hvammstanga skráði safnið frá því eftir 1961 í Sarp undir einkennisstöfunum GAE2. Engin skrá hefur verið gerð yfir ferðalaga- og þjóðlífsmyndir.
Myndefni: Ljósmyndir teknar á ljósmyndastofu Guðmundar, *Studíó Guðmundar*, á Laugavegi 30, í Garðastræti 8 og 2 og Einholti 2 í Reykjavík. Landslagsmyndir og ferðalagamyndir víða að af landinu auk Reykjavíkurmynda.

## GUÐMUNDUR L. HAFSTEINSSON (GLH) 1956,

arkitekt, Reykjavík.

Gefið af Guðmundi Lúther Hafsteinssyni 24. maí 1998 og 2016.
Aldur: 2005–2007.
Tölusett: 953 litskyggnur af friðuðum kirkjum.
Ótölusett: Um 1.000 litskyggnur af friðuðum húsum.
Eftirtökur: Búið var að skanna kirkjumyndirnar áður en þær voru afhentar og fylgdu því stafræn eintök af þeim.
Skrá: Skráning á kirkjumyndunum fylgdi safninu. Hún var sett í Sarp, almenna myndaskrá, af Forsvari á Hvammstanga.
Myndefni: Friðaðar kirkjur á Íslandi að utan og innan og friðuð hús.

## GUÐMUNDUR HLÍÐDAL (GHl) 1886–1965,

póst- og símamálastjóri, Reykjavík.

Gefið af Pálínu Oddsdóttur og Oddrúnu Kristjánsdóttur 28. október 2004.
Aldur: 1915–1930.
Fylgifé: Myndasyrpa eftir Guðmund.
Tölusett: 90 plötur og filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur á pappír og síðar stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum GHl, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Framkvæmdir við Reykjavíkurhöfn, bygging rafstöðvar við Elliðaár, vitar, flugvélar, fólk og fleira.

## GUÐMUNDUR INGÓLFSSON (GI) 1949,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Guðmundi Ingólfssyni í áföngum 2019 og 2020.
Aldur: 1972–2016.
Fylgifé: Ljósmyndir.
Ótölusett: 500.000 filmurammar.
Skrá: Listar uppskiptir eftir efnisflokkum fylgdu safninu við afhendingu.
Myndefni: Fjölbreytt myndefni af auglýsinga- og iðnaðarmyndum, fólk, staðir og allt það sem Guðmundur myndaði á löngum ferli sínum á ljósmyndastofunni *Ímynd*.

## GUÐNI ÖRVAR STEINDÓRSSON (GSt) 1913–1981,

símamaður, Reykjavík.

Gefið af Kristrúnu Steindórsdóttur 1. júlí 1981.
Aldur: 1930–1960.
Tölusett: 484 filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði kontaktkópíur á pappír.
Myndefni: Ferðalög, símavinna og fleira.

## GUÐNI SUMARLIÐASON (GuSu) 1925–2005,

sjómaður, Ólafsvík.

Gefið af erfingjum Guðna 26. nóvember 2011.
Aldur: Um 1960–2000.
Ótölusett: Um 1.500 pappírsmyndir, 1.250 litskyggnur og um 1.800 35 mm filmur.
Eftirtökur: Stafrænar eftirtökur eftir hluta safnsins fylgdu, gerðar af Guðjóni Elíssyni í Grundarfirði.
Myndefni: Mannlíf, atvinnulíf og fólk í Ólafsvík.

## GUÐNI ÞÓRÐARSON (GÞ) 1923–2013,

ljósmyndari og blaðamaður, Reykjavík.

Gefið af Guðna Þórðarsyni 12. mars 2005 og 2006.

Aldur: 1946–1957.

Tölusett: 14.113 filmur.

Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði kontakta eftir fyrri gjöfinni sem voru Vesturheimsmyndir og myndir eftir úrvali myndanna. Hann gerði einnig valda kontakta og úrval mynda úr seinni gjöfinni. Hörður Geirsson gerði kontakta eftir safninu að öðru leyti. Sigurður Stefnisson hefur gert stafrænar eftirtökur eftir 7.737 filmum.

Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir og Katrín Ólafsdóttir gerðu frumskrá eftir merkingum á umslögum. Inga Lára Baldvinsdóttir skráði fyrstu 5.027 færslurnar í Sarp undir einkennisstöfunum GÞ, sumt í sérskrá sem færð var í Sarp af Þorvaldi Böðvarssyni og Ragnheiði Hreiðarsdóttur á Húsavík en seinni hluta beint í Sarp.

Myndefni: Íslendingar í Vesturheimi 1955. Fjölbreytt myndefni víða að af landinu frá starfsárum Guðna Þórðarsonar sem blaðamanns á *Tímanum* og ljósmyndara fyrir *Samvinnuna* og fleiri rit.

## GUÐRÚN DANÍELSDÓTTIR (GD) 1890–1958,

ljósmóðir, Reykjavík.

Gefið af Stefáni Arthúrssyni 21. febrúar 1977.
Aldur: Um 1940–1950.
Fylgifé: Myndir.
Tölusett: 37 filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði kontaktkópíur á pappír og síðar stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum GD, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Fé og hús í Þormóðsstaðahverfi við Skerjafjörð.

## GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR (BGG), 1922–2013,

ljósmyndari, Garðabæ.

Gefið af Guðrúnu Guðmundsdóttur 10. maí 2000.
Aldur: 1952–1967.
Fylgifé: Tvær skráningarbækur.
Tölusett: 13.200 filmur.
Skrá: Forsvar á Hvammstanga skráði í Sarp, mannamyndir, undir einkennisstöfunum BGG.
Myndefni: Myndir teknar á *Barnaljósmyndastofunni* í Borgartúni 7 og Grettisgötu 2 í Reykjavík.

## GUNHILD THORSTEINSSON (GTh) 1878–1948,*

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Nicolai og Þorsteini Th. Bjarnason 23. október 1981 og Klöru S. Bjarnason 25. mars 1982.
Aldur: Um 1902–1915.
Fylgifé: Filmur eftir óþekktan ljósmyndara. Sjá Óþ-22.
Tölusett: 100 plötur.
Eftirtökur: Hallgerður Arnórsdóttir og Ívar Brynjólfsson gerðu eftirmyndir á pappír. Katrín Elvarsdóttir gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum GTh, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Yfirlitsmyndir af þéttbýlisstöðum. Mannamyndir, aðallega fjölskylda ljósmyndarans.

*Nokkrar plötur virðast teknar af öðrum síðar.

## GUNNAR PÉTURSSON (GP) 1928–2012,

prentsmiðjustarfsmaður, Reykjavík.

Gefið af Halldóru Láru, Pétri Hans og Gunnari Ásgeirsbörnum 23. nóvember 2012.
Aldur: 1952–2012.
Ótölusett: Gunnar hafði sjálfur skipt safninu upp í þrjá hluta: GP1 eru svarthvítar filmur og eru þær um 14.500. GP2 eru litfilmur og eru þær um 13.700. GP3 eru litskyggnur í römmum og eru þær um 26.000. GP4 er úrval Gunnars sjálfs af skyggnum. GP5 eru pappírsmyndir, sjá hér að framan.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar kontaktkópíur eftir svarthvítum filmublöðum. Sigurður Stefnisson gerði stafrænar eftirtökur eftir GP3 að hluta, eða 8.057 litskyggnum. Hann gerði einnig stafrænar eftirtökur eftir 802 skyggnum í GP4.
Skrá: Skráning fylgdi safninu frá Gunnars hálfu en þar eru upplýsingar um tökustað, tökudag, filmur og myndvinnslu.
Myndefni: Landslag. Gunnar var frumkvöðull í myndrænni sýn í íslenskri ljósmyndun og félagi í Litla ljósmyndaklúbbnum.

## GUNNAR GEIR VIGFÚSSON (GGV1) 1943,

ljósmyndari, Hafnarfirði.

Gefið af Gunnari Geir í mörgum áföngum á árunum 2017–2020.
Fylgifé: Um 7.000 myndir.
Ótölusett: Um 67.000 filmurammar og 1.550 cd diskar með óþekktum fjölda mynda.
Skrá: Engin skrá liggur fyrir.
Myndefni: Ljósmyndir frá starfsferli Gunnars Geirs sem ljósmyndara forsetaembættisins og ýmissa félaga og stofnana.

## HALLDÓR EGILL ARNÓRSSON (HEA) 1889–1951,

ljósmyndari, Akureyri og Reykjavík.

Gefið af Gunnari G. Vigfússyni 28. maí 1985, af Þórunni Símonardóttur og Agli Halldórssyni 1998 og af Þórunni Símonardóttur 5. ágúst 2002.

Aldur: Um 1909–1950.

Fylgifé: Frummyndir og fleiri gögn fylgdu miðgjöfinni.

Ótölusett: 1.406 plötur og filmur.

Tölusett: 3.335 plötur og filmur (mið-gjöfin)

Eftirtökur: Vala Dóra Jónsdóttir og Ívar Brynjólfsson gerðu kontakta á pappír, nema eftir plötunum frá Gunnari G. Vigfússyni.

Myndefni: Elsti hlutinn er frá starfsárum Halldórs sem ljósmyndara á Akureyri. Það eru mannamyndir og nokkrar útimyndir. Kjarninn er frá árunum 1935-1951 en þá var Halldór einn fremsti ljósmyndari landsins og birti mikið af myndum í blöðum og bókum og átti myndir á sýningum. Sá hluti sem kom frá Gunnari Vigfússyni er fyrst og fremst eftirtökur, nær allt mannamyndir.

## HALLDÓR EINARSSON (HEi1) 1926–2010,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Halldóri Einarssyni 3. desember 2000 og viðbót afhent 14. desember 2017 af Önnu Halldórsdóttur.

Aldur: 1951–1964.

Tölusett: 718 filmublöð eða um 14.360 myndir í fyrri afhendingu. Viðbótarfilmur um 5.000.

Eftirtökur: Hörður Geirsson gerði kontaktkópíur.

Myndefni: Nemendur Reykholtsskóla, Samvinnuskólans og Verslunarskóla Íslands og tökur í heimahúsum. Lúðrasveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands og tónlistarmenn og hljómsveitarlíf. Myndir af stöðum og þjóðlífi.

## HALLDÓRA GUÐMUNDSDÓTTIR (HG) 1909–1997,

húsfrú, Eskifirði og Reykjavík.

Gefið af Halldóru Guðmundsdóttur 2. mars 1995.
Aldur: Um 1925–1990.
Tölusett: 2.597 blaðfilmur í svarthvítu, 695 blaðfilmur í lit og um 170 filmublöð í lit.
Eftirtökur: Hörður Geirsson gerði kontaktkópíur eftir svarthvítu filmunum.
Myndefni: Ferðalög, fjölskylda og mannlíf í Reykjavík og á Eskifirði.

## HALLGRÍMUR SIGTRYGGSSON (HaSi) 1894–1990,

skrifstofumaður, Reykjavík.

Gefið af Þorsteini Jónssyni 14. apríl 2011.

Aldur: 1920–1935.

Fylgifé: Myndir.

Tölusett: 124 blaðfilmur.

Eftirtökur: Jónas Hallgrímsson gerði stafrænar eftirtökur.

Skrá: Kristín Halla Baldvindóttir skráði í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum HaSi.

Myndefni: Reykjavík, Akureyri, Alþingishátíð og fólk.

## HANNA DAVÍÐSSON (HaDa) 1888–1966,

listmálari og húsfrú, Hafnarfirði.

Gefið af Jónasi Elíassyni 24. júní 2005.
Aldur: Um 1895–um 1940.
Tölusett: 77 plötur og filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum HaDa, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Myndir frá bernsku Hönnu í Reykjavík, unglingsárum í Kaupmannahöfn og búsetu í Hafnarfirði og af verkum hennar.

## HANNA JACOBSEN SIGURGEIRSSON (HJS) 1903–2004,

húsmóðir, Reykjavík.

Gefið af Erlu Gunnarsdóttur 18. apríl 2018.
Aldur: 1926–1930.
Tölusett: 36 filmur.
Myndefni: Vífilsstaðir um 1926-1930 og ferðalög.

## HANNES THORSTEINSSON (HTh) 1863–1931,

bankastjóri, Reykjavík.

Gefið af Safnaramiðstöðinni 27. maí 2015.
Aldur: 1922–1925.
Tölusett: 78 filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Myndefni: Reykjavík, þorp og fólk.

## HANSEN, (SIGURD) VALDEMAR (Lpr),

skipstjóri, Kaupmannahöfn.

Gefið af Preben Hansen, Kaupmannahöfn, 27. febrúar 1974.
Aldur: 1917–1918.
Fylgifé: Bréf og skrá höfundar yfir myndefnið.
Tölusett: Lpr-3100-3121, 22 skuggamyndir.
Eftirtökur: Gísli Gestsson og Ellert Þór Arason.
Skrá: Skrá höfundar fylgdi með safninu.
Myndefni: Frá starfstíma Valdemars Hansens á eftirlitsskipinu Heimdal við Íslandsstrendur.

## HANSÍNA BJÖRNSDÓTTIR (HB) 1884–1973,

ljósmyndari, Teigarhorni við Berufjörð.

Keypt af Kristjáni Jónssyni 18. júlí 1981.
Aldur: 1902–1930.
Fylgifé: Myndavél, baktjald, vinnuborð, efnaglös og fleira.
Sjá Teigarhorn.

## HARALDUR BLÖNDAL (HBl) 1882–1953,

ljósmyndari, Reykjavík og Eyrarbakka.

Gefið af Kristjáni Guðmundssyni 24. júní 1962, 21. maí 1982 og 29. nóvember 1982, Skúla Helgasyni 17. maí 1982, Gunnari og Birni Blöndal 12. janúar 1984 og Bárði Guðmundssyni 17. janúar 1991.

Aldur: Aðallega 1917–1925.

Fylgifé: Ekkert.

Tölusett: 2.154 plötur.

Eftirtökur: Inga Lára Baldvinsdóttir og Ívar Brynjólfsson gerðu kontaktkópíur á pappír. Katrín Elvarsdóttir gerði stafrænar eftirtökur eftir völdum myndum úr safninu en Ívar Brynjólfsson gerði síðar stafænar eftirtökur eftir safninu í heild sinni.

Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði skrá. Skráin er byggð á upplýsingum, sem fengust um myndefnið á sýningum á Eyrarbakka, Stokkseyri og Flúðum á árunum 1984-1986 og myndbirtingum í blöðunum *Dagskránni* og *Þjóðólfi* á Selfossi. Inga Lára Baldvinsdóttir gerði spjaldskrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum HBl, af Landvist á Húsavík. Aðeins eru 1.940 færslur í Sarpi. Safnið er því ekki fullskráð í Sarp og á það aðallega við númerabil eftir 1.700.

Myndefni: Plöturnar eru frá starfsárum Haralds á Eyrarbakka. Fólk og bæir á Suðurlandi, en einnig myndir frá Siglufirði, Stykkishólmi, Ísafirði, Snæfellsnesi og Vestmannaeyjum.

## HARALDUR ÓLAFSSON (HÓ) 1909–1989,

bankagjaldkeri, Reykjavík.

Gefið af Þorsteini Jónssyni 24. maí 2012.
Aldur: Um 1930.
Tölusett: 95 filmur blaðfilmur.
Eftirtökur: Stafrænar myndir fylgdu með eftir 55 filmum.
Skrá: Steinar Örn Atlason gerði drög að skrá sem Inga Lára Baldvinsdóttir fullvann og skráði í Sarp undir einkennisstöfunum HÓ. Þar eru eingöngu þær myndir sem stafrænar myndir voru til af.
Myndefni: Bæir, þorp og landslag.

## HARALDUR ÞORVARÐARSON (HÞ) 1915–2006,

skrifstofumaður, Akranesi og Reykjavík.

Gefið af Grétari Bjarnasyni 25. maí 2004.
Aldur: Um 1958–1965.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 377 blaðfilmur.
Eftirtökur: Hörður Geirsson.
Myndefni: Fjölskyldumyndir, Lionsfundir, bílar og fleira.

## HAUKUR BJÖRNSSON (HaBj) 1920–2018,

húsgagnasmiður, Reykjavík.

Afhent af Eddu B. Hauksdóttur 24. mars 2017.
Aldur: 1945–1970.
Tölusett: 449 filmur og skyggnur.
Myndefni: Ferðalög, fjölskylda, Reykjavík og fleira.

## HAUKUR HELGASON (HaHe) 1933–2020,

skólastjóri og sjómaður, Hafnarfirði.

Gefið af Helga Jóhanni Haukssyni 20. nóvember 2020.
Aldur: 1955–1965.
Fylgifé: Nýlega útprentaðar stækkanir.
Ótölusett: Um 6.500 myndir á 35 mm, 13.500 filmur í stærðinni 6x6 og 500 filmur í stærðinni 6x9.
Myndefni: Öldutúnsskóli, unglingavinna í Hafnarfirði, Hafnarfjörður, myndir teknar í tengslum við ljósmyndaklúbbinn Myndbræður.

## HEERING, WALTHER (WH) 1902–1977,

ljósmyndari og útgefandi, Þýskalandi.

Afhent af Dorian Heering 11. mars 2002.
Aldur: 1933 og 1976.
Fylgifé: Syrpa Íslandsmynda eftir hann sjálfan. Einnig myndir eftir aðra ljósmyndara sem Heering notaði í bók sinni *Das unbekannte Island* 1935.
Tölusett: 814 svarthvítar filmur er WH1 og 997 litfilmur er WH2.
Myndefni: Myndir úr Íslandsferðum Heerings 1933 og 1976.

## HELGI ARASON (HA) 1893–1972,

smiður með meiru á Fagurhólsmýri.

Gefið af Guðrúnu Sigurðardóttur 14. maí 1984, 10. desember 1984 og 2. maí 1985.
Aldur: 1913–um 1950.
Tölusett: 782 plötur og filmur.
Eftirtökur: Halldóra Ásgeirsdóttir gerði kontakta á pappír. Katrín Elvarsdóttir gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Guðrún Sigurðardóttir, Páll Björnsson á Fagurhólsmýri og fleiri gerðu skrá byggða á eftirtökunum. Tökudagur hverrar myndar er rispaður eða skrifaður á hverja filmu. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum HA, af Forsvari á Hvammstanga.
Myndefni: Mannlíf og fólk í Öræfum. Merkar þjóðháttamyndir.

## HELGI HJÖRVAR (HH) 1888–1965,*

rithöfundur og útvarpsmaður, Reykjavík.

Gefið af Úlfi Hjörvar 4. desember 2015. Afhent af Helgu Hjörvar.
Aldur: 1914–1959
Tölusett: 2.652 filmur og myndir. Margar myndanna eru bæði til á filmu og mynd en hluti aðeins á filmu eða aðeins á mynd.
Skrá: Nákvæm skrá fylgdi safninu sem Úlfur Hjörvar og Helga Hjörvar hafa gert.
Myndefni: Fjölskylda Helga og Rósu Hjörvar og ferðalög þeirra.

*Kjarni safnsins er tekinn af Helga en hluti af Rósu konu hans og ekki auðvelt að greina þar á milli.

## HELGI JÓNASSON (HJ) 1932–2020,

fræðslustjóri, Hafnarfirði.

Afhent af Guðbjörgu Helgadóttur 16. mars 2017.
Aldur: 1957–1965.
Ótölusett: 1.320 blaðfilmur.
Myndefni: Portrett, skólalíf í Hafnarfirði, nemendur í unglingavinnu og Grímseyjarför. Helgi var ásamt fleirum í ljósmyndaklúbbnum Myndbræðrum.

## HERMANN WENDEL (HW) 1851–1922,

ljósmyndari, Þingeyri.

Gefið af Gunnari Hvammdal Sigurðssyni 24. júní 1976.
Aldur: 1900–1910.
Tölusett: 13 plötur.
Eftirtökur: Björn Pálsson gerði eftirtökur á pappír. Katrín Elvarsdóttir gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Gunnar Hvammdal Sigurðsson greindi myndirnar. Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum HW, af Forsvari á Hvammstanga.
Myndefni: Mannamyndir auk tveggja útimynda frá Þingeyri.

## HJÁLMAR R. BÁRÐARSON (HRB) 1918–2009,

ljósmyndari og siglingamálastjóri, Garðabæ.

Ánafnað með erfðaskrá og afhent í september 2009.

Fylgifé: Ljósmyndir, bækur, tímarit og ljósmyndavélar.

Tölusett: Hjálmar hafði sjálfur flokkað og númerað filmusafn sitt nema elsta hlutann sem var ónúmeraður.

HRB1 Litfilmur í stærðinni 120 frá 1969–2006. Um 46.124 filmur.

HRB2 Svarthvítt 6×6 filmur. Um 66.363 filmur.

HRB3 Glerplötur. 612 plötur.

HRB4 Svarthvítar filmur frá 1932–1939. 1.511 filmur.

HRB5 Svarthvítar filmur í 35 mm. Um 26.800 filmurammar.

HRB6 Grafískar filmur. 133 blaðfilmur.

HRB7 Aðallega grafískar myndir. 72 filmur.

HRB8 Litfilmur með steinamyndum. 290 filmur.

Eftirtökur: Sigurður Stefnisson gerði stafrænar eftirtökur eftir sýnishornum úr HRB1, Hörður Geirsson hafði áður gert stafrænar eftirtökur eftir kontaktblöðum í sama safni. Sigurður Stefnisson gerði stafræna kontakta af filmublöðum af HRB2 og eftir sýnishornum af einstökum filmum (um 5.250) í HRB1. Jónas Hallgrímsson gerði stafrænar eftirtökur eftir HRB3.

Skrá: Skráning á filmuumbúðum fylgdi frá Hjálmari sjálfum yfir stærstan hluta safnsins eða það sem er á filmublöðum. Skrár yfir öll söfn Hjálmars eru í Sarpi. Þær voru að mestu slegnar inn í fjarvinnslu hjá Landvist á Húsavík, eins og HRB1 og HRB2. Stefán Þorvaldur Þórsson skráði 6.927 færslur í HRB1 og Steinar Örn Atlason 4.771 færslu. Kristín Halla Baldvinsdóttir skráði einnig huta safnsins í Sarp. Steinar Örn Atlason gerði einnig skrá yfir glerplötur HRB3 byggða á meðfylgjandi upplýsingum og var hún sett í Sarp hjá Landvist á Húsavík. Steinar Örn Atlason gerði drög að skrá yfir elsta efnið, HRB4, byggða á merkingum í albúmum, sem Inga Lára Baldvinsdóttir fullvann. Skráin var sett í Sarp, almenna myndakskrá, hjá Landvist á Húsavík.

Myndefni: Ísland, íslensk náttúra og þjóðlíf. Gróður, fuglar og steinar. Danmerkurdvöl og utanlandsferðir.

## HOUTH, SIGURD (SH),

verkfræðingur, Noregi.

Gefið af Øystein Sunde 17. maí 1993.

Aldur: 1919.

Fylgifé: Ekkert.

Tölusett: 42 blaðfilmur.

Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur á pappír og síðar stafrænar.

Skrá: Skýringartexti er skrifaður á filmuna ásamt tökudagsetningu. Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá byggða á þeim. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum SH, af Landvist á Húsavík.

Myndefni: Frá starfsferðum Sigurd um landið, m.a. Vestfirði og Suðurland.

## HOWELL, FREDERICK (FH) 1857–1901,

leiðsögumaður og rithöfundur, Birmingham, Englandi.

Afhent af Þorsteini Jónssyni 24. maí 2012.
Aldur: Um 1890–1901.
Tölusett: 134 eftirtökufilmur og stafrænar myndir eftir þeim.
Skrá: Drög að skrá eftir Þorstein Jónsson fylgdu safninu og voru sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum FH, af Ragnheiði Hreiðarsdóttur á Húsavík.
Myndefni: Ferðalög um Ísland.

## HULDA DAVÍÐSSON (HD) 1913–1999,

húsmóðir, Reykjavík.

Gefið af Huldu Davíðsson 23. desember 1976.
Aldur: Um 1950–1960.
Fylgifé: Myndir.
Tölusett: 240 filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði kontaktblöð.
Myndefni: Fólk í heimahúsum, Hellisgerði í Hafnarfirði.

## INGIBJÖRG KALDAL (IKal) 1947–2010,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Sigurði Kaldal Sævarssyni 11. október 2012.
Aldur: 1972–1981.
Fylgifé: Skrá yfir tökur.
Tölusett: 1.075 tökunúmer.
Ótölusett: Um 150 tökunúmer.
Skrá: Meðfylgjandi skrá var slegin inn af Pálma Pálmasyni og sett í Sarp, mannamyndir, af Þorvaldi Böðvarssyni.
Myndefni: Ljósmyndir teknar á ljósmyndastofu sem Ingibjörg rak í stofu föður síns.

## INGIBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR (IK) 1908–2005,

húsfreyja, Reykjavík.

Gefið af Ingibjörgu Kristjánsdóttur 13. júní 2001.
Aldur: Um 1930–1940.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 154 filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði fyrst eftirtökur á pappír og síðar stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá byggða á greiningu ættmenna Ingibjargar á myndefninu. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennistöfunum IK af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Fjölskylda Ingibjargar, Skerðingsstaðir í Reykhólahreppi og Reykjavík.

## INGIMUNDUR MAGNÚSSON (IM) 1931,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Pálínu Oddsdóttur og Oddrúnu Kristjánsdóttur 28. október 2004.
Aldur: 1962–1965.
Tölusett: 451 myndataka, 582 færslur.
Eftirtökur: Hörður Geirsson gerði kontaktkópíur. Katrín Elvarsdóttir gerði stafrænar eftirtökur eftir völdum filmum. Sigurður Stefnisson gerði stafrænar eftirtökur eftir öllu safninu, 3.510 filmurömmum.
Skrá: Soffía Pétursdóttir gerði skrá byggða á upplýsingum utan á filmuumslögunum. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum IM af Forsvari á Hvammstanga.

## INGVAR E[ymundsson] ÍSDAL (IÍ) 1877–1959,

rafstöðvarstjóri, Seyðisfirði, síðar rafvirkjameistari, Reykjavík.

Gefið af Eggert Ísdal 23. nóvember 1970 og 3. júní 1981.
Aldur: Um 1912–1920.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 41 plata en 45 færslur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur bæði á pappír og stafrænar.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum IÍ, af Forsvari á Hvammstanga.
Myndefni: Aðallega frá Seyðisfirði.

## JENSEN, PETER FREDERIK (PJ) 1870–1935,

liðsforingi og landmælingamaður, Kaupmannahöfn.

Gefið af Niels Phister 15. júlí 1991.
Aldur: Um 1905–1930.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 102 skuggamyndir.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Gísli Sveinn Loftsson skráði safnið í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum PJ.
Myndefni: Grænland að mestu (82 myndir) en einnig myndir frá ýmsum stöðum hérlendis.

## JENSEN, POUL NEDERGAARD (PNJ) 1940,*

arkitekt, Danmörku.

Gefið af Paul Nedergaard Jensen 18. nóvember 2017.

Aldur: 1971–2006.

Ótölusett: 1.800 skyggnur. Svarthvítar filmur frá árinu 1973.

Eftirtökur: Kirsten Simonsen gerði stafrænar eftirtökur eftir stærstum hluta af skyggnusafninu.

Skrá: Engin skrá er til yfir safnið.

Myndefni: Gömul hús á Íslandi, torfbæir, kirkjur og timburhús. Leiðangrar danskra arkitektanema, leiðangursmenn og áfangastaðir.

*Einstaka skyggnur eru úr fórum annarra sem tóku þátt í uppmælingaleiðöngrum danskra arkitektanema á Íslandi, t.d. frá Kurt von Jessen. Einnig tók Jens Frederiksen, ljósmyndari og arkitekt, fjölda svart hvítra mynda á stóru formati.

## JÓHANN INGIBERGUR JÓHANNSSON (JIJ) 1885–1954,

verkamaður, Reykjavík.

Úr fórum safnsins. Skráð 10. febrúar 2014.
Aldur: Um 1930–1950.
Tölusett: 136 blaðfilmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir skráði í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum JIJ.
Myndefni: Alþingishátíðin, fólk og hús í Reykjavík og á Eyrarbakka, fólk í ferðalögum.

## JÓHANNA PÉTURSDÓTTIR OG CO (JPAJ)* 1888–1958,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Jóni Kaldal 15. september 1954.
Aldur: 1920–1924.
Fylgifé: Ein skráningarbók.
Tölusett: 4.818 plötur.
Skrá: Friðrik Á. Brekkan gerði spjaldskrá. Skráin var sett í Sarp, mannamyndir, undir einkennisstöfunum JPAJ, af Forsvari á Hvammstanga.
Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu Jóhönnu og fleiri á Laugavegi 11 í Reykjavík.

* Auk Jóhönnu ráku stofuna Anna Jónsdóttir og Sigþrúður Brynjólfsdóttir.

## JÓHANNES Þ. JÓSEFSSON (JÞJ) 1886–1961,

alþingismaður, Vestmannaeyjum og Reykjavík.

Gefið af Ólafi Ísleifssyni 14. nóvember 2014.
Aldur: Um 1920–1950.
Tölusett: 1.589 filmur.
Myndefni: Fjölskylda, ferðalög og Vestmannaeyjar.

## JÓHANNES KOLBEINSSON (JóKo) 1906–1982,

trésmiður, Reykjavík.

Gefið af Grétari Eiríkssyni 24. júní 1994.
Aldur: Um 1950–1973.
Fylgifé: Myndir.
Tölusett: 315 filmur bæði í svarthvítu og lit.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði kontaktkópíur.
Myndefni: Ferðalög.

## JÓHANNES G. KOLBEINSSON (JGK) 1917–2012,

bílstjóri, Reykjavík.

Gefið af Vilborgu Jónsdóttur og Ara Þór Jóhannessyni 19. september 2013.
Aldur: Um 1945–1970.
Fylgifé: Mappa með stefnumótaauglýsingum: Lpr-2015-291.
Tölusett: 824 filmur.
Myndefni: Fjölskyldan og ferðalög.

## JÓHANNES GOTTLIEB NIELSEN (JN)* 1919–1981,

Reykjavík.

Gefið af Jóhannesi Gottlieb Nielsen 13. apríl 1971.
Aldur: Um 1925–um 1960.
Fylgifé: Ljósmyndir eftir filmunum fylgdu að mestu.
Tölusett: 1970 filmur, skráð í Lpr-2488.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur á pappír eftir þeim filmum sem myndir vantaði af. Sigurður Stefnisson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði frumdrög að skrá. Gísli Helgason bætti við skrána.
Myndefni: Reykjavík og nágrenni, hús, skip og mannlíf.

* Hluti myndanna virðist vera tekinn af öðrum en Jóhannesi, aðallega af Karli Chr. Nielsen, ljósmyndara í Reykjavík.

## JÓHANNES ÓLAFSSON (JóÓl) 1903–1976,*

skrifstofustjóri, Seltjarnarnesi.

Gefandi Bryndís Bragadóttir 20. desember 2017.**
Aldur: 1935–1965.
Tölusett: 3.045 filmur.
Myndefni: Fjölskylda, ferðalög og fleira.

*Bragi Jóhannesson 1935-2017 hefur tekið hluta myndanna.

** Safnið er skráð í aðfangabók þennan dag en afhendingardagur er óviss.

## JÓN BJÖRNSSON (JB) 1887–1959,

kaupmaður, Reykjavík.

Gefið af Þorsteini Jónssyni 26. september 2012.
Aldur: 1915–1940.
Tölusett: 382 plötur og filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Kristín Halla Baldvinsdóttir skráði hluta myndanna í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum JB.
Myndefni: Reykjavík og Reykjavíkurhöfn, fjölskylda og fólk, þorp, bæir og landslag, ferðalög til útlanda.

## JÓN J[ónsson] DAHLMANN (JJD) 1873–1949,

ljósmyndari, Akureyri, Sauðárkróki, Seyðisfirði og Reykjavík.

Keypt af Jóni J. Dahlmann 11. maí 1940 á 250 kr. Viðbót var gefin 11. desember 1996 af Jóni Axel Egilssyni.

Aldur: Aðallega 1918–1940, en einnig nokkuð af eldri útimyndum. Jafnframt var afhent sem hluti af safninu, plötusafn frá ljósmyndastofu Carls Ólafssonar frá árunum 1910–1918.

Fylgifé: 10 skráningarbækur og ljósmyndavélar. Einnig nokkrar ljósmyndir.

Tölusett: 17.018 plötur (mannamyndir) og um 880 plötur (útimyndir). Ultrafoto-plötur (margar myndir á sömu plötu) 298 plötur.

Ótölusett: Um 2.550 plötur.

Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði kontakta á pappír eftir útimyndum og síðar stafrænar myndir. Ívar skannaði inn þær filmur og plötur sem Jón Axel gaf til viðbótar.

Skrá: Sigríður Björnsdóttir gerði spjaldskrá yfir mannamyndir. Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá yfir útimyndir. Sú skrá hefur verið sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum JJD1, af Forsvari á Hvammstanga. Skrá yfir mannamyndasafnið var sett í Sarp, mannmyndaskrá, af Forsvari á Hvammstanga, undir einkennisstöfunum JJD2. Ultrafoto safnið var sett í Sarp, mannamyndaskrá, undir einkennisstöfunum JJD3, af Þorvaldi Böðvarssyni.

Myndefni: Mannamyndir frá ljósmyndastofu Carls og Jóns á Laugavegi 46 í Reykjavík. Útimyndir víða að af landinu, m.a. Reykjavík, Akureyri og Seyðisfirði.

## JÓN Þ. EINARSSON (JÞE) 1926–2008,

verkamaður, Reykjavík.

Gefið af Jóni Þ. Einarssyni 2003 og af erfingjum hans 20. desember 2008.

Aldur: Um 1960–1970.

Fylgifé: Myndir.

Tölusett: 60 filmublöð eða um 2.100 myndir og 248 skyggnur.

Eftirtökur: Hörður Geirsson gerði kontaktblöð á pappír.

Myndefni: Ferðalög erlendis, leikflokkurinn Gríma, þjóðlífsmyndir og listræn ljósmyndasköpun.

## JÓN EYÞÓRSSON (JE)* 1895–1968,

veðurfræðingur, Reykjavík.

Gefið af Grétari Eiríkssyni 8. júlí 1986.

Aldur: Um 1930–1945.

Tölusett: 147 skyggnur.

Myndefni: Úr hálendis- og jöklaferðum.

* Úr fórum Jóns Eyþórssonar, en einnig Pálma Hannessonar og Steinþórs Sigurðssonar. Eftir ýmsa ljósmyndara.

## JÓN GUÐMUNDSSON (JG)* 1870–1944,

ljósmyndari og bóndi, Ljárskógum, Dalasýslu.

Gefið af Hallgrími Jónssyni 5. mars 1968.

Aldur: 1897–um 1940.

Fylgifé: Ljósmyndavél.

Tölusett: 2.575 plötur.

Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson og Halldóra Ásgeirsdóttir (eftir um 400 plötum) gerðu eftirtökur á pappír. Katrín Elvarsdóttir gerði stafrænar eftirtökur eftir völdum plötum. Ívar gerði stafrænar eftirtökur eftir öllu safninu síðar.

Skrá: Drög að skrá eru til yfir safnið, byggð á upplýsingum sem fengust á sýningum á myndunum í Bogasal Þjóðminjasafns árið 1984 og 1992 og í Búðardal 1993. Skráin var sett í Sarp, mannamyndaskrá, undir einkennisstöfunum JG.

Myndefni: Mannamyndir af fólki í Dalasýslu og á Ströndum, einnig nokkuð af útimyndum.

* Guðmundur Jónsson 1900-1974, sonur Jóns, ljósmyndari og bóndi í Ljárskógum, tók við af föður sínum við ljósmyndun og hefur tekið stóran hluta myndanna.

## JÓN V. HJALTALÍN (JVH) 1895–1994,

bóndi, Brokey á Breiðafirði, síðar í Stykkishólmi.

Gefið af Jóni V. Hjaltalín 8. júlí 1985.

Aldur: 1914–um 1930.

Tölusett: 109 plötur.

Eftirtökur: Halldóra Ásgeirsdóttir gerði eftirtökur á pappír. Katrín Elvarsdóttir gerði stafrænar eftirtökur.

Skrá: Jón V. Hjaltalín gerði skrá ásamt Jóhanni Rafnssyni í Stykkishólmi. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum JVH, af Forsvari á Hvammstanga.

Myndefni: Mannlíf og fólk í Brokey, nærliggjandi eyjum og Dalasýslu.

## JÓN KALDAL (JK) 1896–1981,

ljósmyndari, Reykjavík.

Afhent af Jóni Kaldal 1963 og af Dagmar, Ingibjörgu og Jóni Kaldal yngri 20. desember 1996. Keypt 12. apríl 2005.

Aldur: 1925–1980.

Fylgifé: 15 skráningarbækur. Ljósmyndavélar, stækkari og margvíslegur tækjabúnaður. Ljósmyndir.

Tölusett: 35.918 plötur í almenna safni frá 1925 til 1963 og 21.840 plötur í safni frá 1963 til 1980. 17.148 plötur í Polyfoto frá 1933 og fram undir 1945 og 586 plötur og filmur með þjóðlífsmyndum.

Ótölusett: Um 2.500 plötur með myndum teknum fyrir skólaspjöld og um 15–20.000 plötur af ýmsu tagi.

Eftirtökur: Vala Dóra Jónsdóttir gerði eftirtökur eftir 586 filmum og plötum með þjóðlífsmyndum. Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur eftir völdum plötum úr safninu. Kolbrún Þóra Löve gerði stafrænar eftirtökur eftir þjóðlífsmyndum og úrvali mynda í safninu.

Skrá: Landvist á Húsavík skráði safnið frá 1925 til 1963 í Sarp, mannamyndaskrá, undir einkennisstöfunum JK1. Forsvar á Hvammstanga skráði almenna safnið frá 1963–1980 í Sarp, mannamyndaskrá, undir einkennisstöfunum JK2 og Polyfoto-safnið undir einkennisstöfunum JK3 að svo miklu leyti sem skrár voru til, en þær eru aðeins til yfir brot af safninu. Inga Lára Baldvinsdóttir gerði skrá yfir þjóðlífsmyndir og var hún sett í Sarp, almenna myndaskrá, af Forsvari á Hvammstanga, undir einkennisstöfunum JK5. Skólamyndirnar mynda JK6 og eru ekki skráðar.

Myndefni: Mannamyndir, en einnig aðrar myndir teknar á ljósmyndastofum Jóns á Laugavegi 11 og 3 í Reykjavík. Lítilræði af þjóðlífsmyndum.

## JÓN LEIFS (JL) 1899–1968,

tónskáld, Reykjavík.

Gefið af Sif Sigurðardóttur 14. september 2009.

Aldur: 1935–1939.

Fylgifé: Ljósmyndir.

Tölusett: 1–35.

Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.

Skrá: Kristín Halla Baldvinsdóttir skráði í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum JL.

Myndefni: Borgarmyndir og innahússmyndir frá Þýskalandi, Reykhólabærinn úti og inni og fleira.

## JÓN J[ónsson] PÁLMI (JJP) 1888–1962,

ljósmyndari, Sauðárkróki og Ameríku.

Gefið af menntamálaráðuneytinu 18. nóvember 1980.
Aldur: 1914.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 10 plötur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum JJP, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Málsgögn í seðlafölsunarmáli er upp kom árið 1914.

## JÓN ÓLAFSSON (JÓ) eða Jón Stál 1887–1973,

iðnrekandi, Selkirk, Kanada.

Barst með Iðnminjasafninu 1976.
Tölusett: 55 skyggnur.
Myndefni: Stálbræðsla í Ameríku.

## JÓN ÁRNI VILMUNDARSON (JÁV) 1925–2014,

rafeindavirkjameistari, Reykjavík.

Gefið af Kristínu Sigurðardóttur 18. ágúst 2015.
Aldur: 1965–1990.
Ótölusett: Um 390 litskyggnur.
Myndefni: Vestmannaeyjagos, Þjóðhátíðin 1974 og símvirkjun.

## JÚLÍUS J. DANÍELSSON (JúJDa) 1925–2017,

búfræðingur og blaðamaður, Reykjavík.

Aldur: 1982–1985.
Ótölusett: 115 filmur.
Myndefni: Bygging viðbyggingar við Bændahöllina, Hótel Sögu.

## JÖRGENSEN, CHRISTIAN ALBERT (CJ) 1869–1943,

bankastjóri, Álaborg.

Gefið af Agnesi Davíðsson 26. júlí 1980.
Aldur: 1909.
Fylgifé: Ekkert.
Ótölusett: 13 plötur.
Eftirtökur: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði eftirtökur á pappír. Katrín Elvarsdóttir gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum CJ, af Forsvari á Hvammstanga.
Myndefni: Myndir úr ferðalagi til Íslands í desember 1909, vegna Íslandsbanka, flestar teknar í Reykjavík.

## KIMLING, RICHARD (RK) 1923–1999,

markaðsstjóri og ljósmyndaleiðsögumaður, Wetzlar, Þýskalandi.

Gefið af Guðrúnu Jónsdóttur 13. janúar 2017.
Aldur: 1974–1998.
Tölusett: 488 skyggnur.
Myndefni: Land og þjóð með augum gestsins.

## KRABBE, THORVALD (TK) 1876–1953,

vita- og hafnarmálastjóri, Reykjavík.

Gefið af Helgu Krabbe 7. mars 1986 og viðbót barst með safni frá Vegagerðinni 6. apríl 2009.
Aldur: 1906–1937.
Fylgifé: Sýningarvél fyrir skyggnur (Þjms. 1986-74). Síðar voru safninu gefin tvö albúm með myndum Krabbe (Lpr-1992-633 og 634).
Tölusett: 244 skuggamyndir, 634 filmur og plötur. 223 filmur.
Eftirtökur: Vala Dóra Jónsdóttir gerði eftirtökur á pappír eftir TK1. Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur eftir TK2. Hörður Geirsson gerði stafrænar eftirtökur eftir TK3.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá yfir filmurnar og plöturnar og skuggamyndirnar og voru þær settar í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum TK1 og TK2, af Þorvaldi Böðvarssyni. Viðbótarfilmurnar mynda TK3 og liggja fyrir drög að skrá yfir þær sem Inga Lára tók saman.
Myndefni: Hafnir og hafnargerð, vitar, fyrirtækið Ísaga og gasstöðin í Reykjavík. Fjölskyldan og heimilið. Ferðalög.

## KRISTBJÖRG SIGURÐSSON VILHJÁLMSSON (KSV) um 1910,

kennari, Kaupmannahöfn.

Gefið af Kristbjörgu Sigurðsson Vilhjálmsson 14. desember 1989.
Aldur: Aðallega úr Íslandsferð 1933.
Fylgifé: Ljósmyndir Lpr-1989:202-296.
Tölusett: 97 filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur á pappír.
Skrá: Myndir gerðar eftir filmunum eru skráðar í Lpr og filmurnar verða því ekki skráðar sérstaklega.
Myndefni: Landslag og þjóðlífsmyndir víða að af landinu.

## KRISTINN GUÐMUNDSSON (KG) 1934–2006,

bókavörður, Reykjavík.

Gefið af Góða hirðinum 15. maí 2011.
Aldur: Um 1975–1987.
Tölusett: 3.948 skyggnur.
Eftirtökur: Sigurður Stefnisson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Myndirnar voru settar í Sarp og frumskráðar af Þorvaldi Böðvarssyni undir einkennisstöfunum KG. Inga Lára Baldvindóttir grunnskráði rúmlega 1.100 myndanna. Skráningu safnsins er því ekki lokið.
Myndefni: Hús í miðbæ Reykjavíkur og mannlíf þar, Hraunin í Hafnarfirði og þéttbýlisstaðir á Reykjanesi, frá Álftanesi, Eyrarbakka, Stokkseyri, Selfossi og Þingvöllum.

## KRISTINN SIGURJÓNSSON (KS) 1923–1993,

offsetprentari, Kópavogi.

Gefið af Flóka Kristinssyni 25. maí 2011.
Aldur: Um 1950–1990.
Fylgifé: Stækkaðar ljósmyndir sem mynda KS2.
Tölusett: 3.842 filmur þar af 1.704 svarthvítar en hitt í lit. 1.690 litskyggnur (35 mm og 6×6).
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar kontaktkópíur af svarthvítum filmublöðum eða KS1.
Skrá: Engin skrá hefur verið gerð. Safninu er skipt upp í tvo hluta. Filmurnar mynda KS1 en litskyggnur KS3.
Myndefni: Mannlíf í Hafnarfirði. Myndir úr ferðalögum. Myndræn ljósmyndun. Kristinn var félagi í Litla ljósmyndaklúbbnum.

## KRISTJÁN EINARSSON (KEE) 1958,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Kristjáni Einarssyni 26. apríl 2004.
Aldur: Um 1979–um 1995.
Fylgifé: Kontaktblöð, ljósmyndapappír og fleira.
Ótölusett: Um 4.500 filmublöð.
Myndefni: Alhliða ljósmyndasafn, myndatökur fyrir *Gestgjafann* og fleiri aðila.

## KRISTJÁN ELDJÁRN (KE) 1916–1982,

þjóðminjavörður og forseti, Reykjavík.

Gefið af börnum Kristjáns 28. apríl 2011.
Aldur: Um 1980.
Tölusett: 59 skyggnur.
Eftirtökur: Sigurður Stefnisson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá sem Þorvaldur Böðvarsson setti í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum KE.
Myndefni: Ferð til Færeyja. Ferðir í Skagafjörð, Skaftártungu og Papey.

## KRISTJÁN LÝÐSSON (KL) 1912–1998,

gjaldkeri, Reykjavík.

Gefið af Sigríði Lúðvíksdóttur 23. nóvember 1998.
Aldur: Um 1930–um 1970.
Fylgifé: Ljósmyndir skráðar í Mannamynda- og Ljós- og prentmyndasafni.
Tölusett: 1.204 filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði kontaktkópíur. Sigurður Stefnisson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Þór Magnússon gerði frumdrög að skrá. Drögin voru sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum KL, af Landvist á Húsavík. Linda Ásdísardóttir yfirfór lyklun og skráningu um leið og hún lyklaði myndir við færslur.
Myndefni: Ferðalög víða um land og Reykjavík.

## KRISTJÁN MAGNÚSSON (KM) 1931–2004,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Pálínu Oddsdóttur og Oddrúnu Kristjánsdóttur 28. október 2004.
Aldur: 1962–2003.
Fylgifé: Ýmiss konar búnaður frá Ljósmyndastofu Kristjáns og ljósmyndir.
Ótölusett: Um 50 litfilmur.
Tölusett: 3.847 myndatökur. Fyrst og fremst tökur á stofunni eftir 1971, en einnig valdar myndatökur fyrir þann tíma, sem Kristján hafði sjálfur endurnúmerað og skráð. Mikið efni var utan við skráninguna og var skipt um umbúðir á því og sett í nýja númeraröð. KM3 er nú 2.823 filmur.
Eftirtökur: Hörður Geirsson gerði 1.095 kontaktblöð á pappír.
Skrá: Tölvuskrá fylgdi safninu og var hún sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum KM1 með 648 færslum og KM2 með um 3.200 færslum, af Forsvari á Hvammstanga. KM1 er eldra efni en KM2 efni sem skrásett er eftir tökudögum. Soffía Pétursdóttir gerði drög að skrá yfir efni á þeim 1.095 kontaktblöðum sem gerð voru yfir óskráð efni og er það skráð undir KM3. Steinar Örn Atlason listaði upp safnið frá 1.096 til 2.735 og Inga Lára Baldvinsdóttir frá 2.735 til 2.823. Sú skrá er ekki komin í Sarp
Myndefni: Myndatökur fyrir Vikuna og fjölþætt verkefni unnin á ljósmyndastofu Kristjáns, bæði mannamyndir en ekki síður iðnaðarljósmyndir og auglýsingamyndatökur.

## KROG, OLE VILLUMSEN (OVK) 1939–2020,

ljósmyndari og skrásetjari, Árósum, Kaupmannahöfn.

Afhent: 24. mars 1992.
Aldur: 1977–1980.
Fylgifé: Myndirnar voru liður í allsherjarskráningu á silfureign Íslendinga, sem unnin var í samvinnu Þjóðminjasafna Íslendinga og Dana. Skráningarblöð, afþrykk af silfurstimplum og fleira frá þessum rannsóknum í fórum safnsins tengist því þessum filmum.
Tölusett: 537 filmublöð (um 16.000 myndir).
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði frumdrög að skrá byggðri á upplýsingum á filmum í safninu.
Myndefni: Silfureign Íslendinga, fyrst og fremst kirkjusilfur en einnig silfur í söfnum og einkaeign.

## KUHN, HANS (HK) 1899–1988,

prófessor, Laboe, Þýskalandi.

Gefið af sonum Hans Kuhn samkvæmt gjafabréfi 16. nóvember 2003, afhent 10. desember 2003.
Aldur: 1927–1938.
Fylgifé: Ljósmyndir í albúmum og lausar myndir.
Ótölusett: 74 skyggnur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar myndir eftir skyggnunum.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá að mestu byggða á myndatextum úr bókinni *Úr torfbæjum inn í tækniöld*, sem sett var í Sarp, almenna myndaskrá, af Landvist á Húsavík, undir einkennisstöfunum HK.
Myndefni: Einstakt safn þjóðlífsmynda úr byggðum landsins frá árunum á milli stríða.

## KÜCHLER, CARL (CK) 1869–1935,

kennari og rithöfundur, Varel, Þýskalandi.

Gefið af Kolbrúnu Vestereng 28. ágúst 2002.
Aldur: Um 1910–1920.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 58 skyggnur.
Eftirtökur: Ellert Þór Arason gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum CK, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Myndirnar voru notaðar sem kennslugögn um Ísland. Myndskýringar fylgja á skyggnunum.

## LANDSSÍMINN (LSÍM2).

Kom í vörslu safnsins samhliða gjöf á Loftskeytastöðinni til Þjóðminjasafnsins. Var afhent Ljósmyndasafninu til varðveislu á vordögum 2012.
Aldur: 1907–1990.
Ótölusett: 144 glerplötur, um 1.300 filmur og 105 einhvers konar örfilmur, 105 filmur, frá árunum 1952–1959.
Myndefni: Starfsemi Landssímans.

## LAYCOCK, CEDERIC WILLIAM (CWL),

hermaður, Englandi.

Gefið af John Laycock 5. ágúst 2004.
Aldur: 1940–1942.
Tölusett: 88 stafrænar myndir.
Skrá: Drög að skrá var gerð af Ingu Láru Baldvinsdóttur. Þorvaldur Böðvarsson skráði í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum CWL.
Myndefni: Breskir hermenn á Íslandi og umhverfi þeirra. Mest frá Selfossi og nágrenni.

## LÁRA ÓLAFSDÓTTIR (LÓ) 1867–1932,

ljósmyndari og kaupmaður, Reyðarfirði og Akureyri.

Gefið af Einari Braga Sigurðssyni 30. nóvember 1981.
Aldur: Um 1900–1910.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 38 plötur.
Eftirtökur: Ímynd/Guðmundur Ingólfsson og Ívar Brynjólfsson gerðu eftirtökur á pappír. Katrín Elvarsdóttir gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá byggðri á upplýsingum frá Hilmari Bjarnasyni. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum LÓ, af Forsvari á Hvammstanga.
Myndefni: Mannlíf á Eskifirði.

## LEIFUR HALLDÓRSSON (LH) 1918–1990,

frummótasmiður, Reykjavík.

Gefið af Birgi Gunnarssyni 15. september 2016.
Aldur: 1965–1975.
Tölusett: 34 skyggnur.
Myndefni: Ferðalög og ýmislegt.

## LEIFUR ÞORSTEINSSON (LÞ) 1933–2013,

ljósmyndari, Reykjavík.

Afhent af Friðriku Geirsdóttur 8. júlí 2010.
Aldur: 1963–2013.
Ótölusett: Um 60.000 filmurammar. Harður diskur með stafrænu efni sem Leifur hafði skannað inn.
Skrá: Engin skrá fylgdi safninu.
Myndefni: Ljósmyndir teknar af Leifi á vegum ljósmyndastofunnar Myndiðnar sem hann rak.

## LJÓSMYNDARINN Í MJÓDD (LjMj).

Afhent af Tatjana Pasma Greenberg 27. maí 2010.
Tölusett: 10.674 færslur.
Aldur: 1975–2003.
Fylgifé: Tölvuskrá yfir myndasafnið.
Skrá: Meðfylgjandi tölvuskrá í gagnagrunni.
Myndefni: Ljósmyndir teknar á ljósmyndastofunni *Ljósmyndarinn í Mjódd* af Jóhannesi Long (1975–1994), Láru Long (1994–1999), Gunnari Kristni Hilmarssyni (1999–2001) og Tatjönu Pasma Greenberg (2001–2003).

## LOFTUR ÁMUNDASON (LÁ) 1914–1995,

járnsmiður, Reykjavík.

Úr fórum safnins 17. febrúar 2021. Upphaflega frá Ámunda Loftssyni.
Tölusett: 379 blaðfilmur.
Myndefni: Ferðalög, Reykjavík, Álfaskeið, Sandlækur í Gnúpverjahreppi.

## LOFTUR GUÐMUNDSSON (LG) 1891–1952,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Lofti Guðmundssyni 29. desember 1945, afhent 22. febrúar 1946 og gefið af Önnu Loftsdóttur og Ásgeiri Kára Guðjónssyni 1989 og 23. desember 1996.
Aldur: 1925–1996.
Fylgifé: Skráningarbækur 28 talsins.
Tölusett: 20.078 og 30.070-30.286 plötur (almennt safn), 89.967 plötur (15 foto-film foto), 62.785 plötur og filmur (almennt safn eftir 1945). Plötur í stærð 18×24 auk nokkurra filma með myndum frá vinnustöðum og fleiru eru 179. Eftirtökusafn 6.630 filmur.
Eftirtökur: Vala Dóra Jónsdóttir gerði eftirtökur eftir völdum plötum í safninu. Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur eftir plötum af stærðinni 18×24 og völdum plötum frá ýmsum tímum vegna sýningar á ljósmyndum Lofts í Hafnarborg árið 2002. Hann gerði stafrænar eftirtökur af LG5 sem að mestu eru plötur í stærðinni 18×24.
Skrá: Friðrik Á. Brekkan gerði spjaldskrá (yfir 15 foto-film foto). Landvist á Húsavík skráði almenna safnið fyrir 1945 í Sarp undir einkennisstöfunum LG1, almenna safnið eftir 1945 undir einkennisstöfunum LG2, film-foto safnið undir einkennisstöfunum LG3 og eftirtökusafnið undir einkennisstöfunum LG4. Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá yfir LG5.
Myndefni: Mannamyndir frá ljósmyndastofu Lofts, bæði frá starfsárum hans og Ásgeirs Kára Guðjónssonar og Önnu Loftsdóttur, sem ráku stofuna áfram í hans nafni.

## LORENTZ HOLAND MULLER (LHM) 1879–1952,

kaupmaður, Reykjavík.

Gefið af Þorsteini Jónssyni 20. september 2011.
Tölusett: 59 plötur og filmur.
Eftirtökur: Jónas Hallgrímsson gerði stafrænar eftirtökur.
Myndefni: Hús og fjölskylda í Reykjavík og við sumarhús við Selvatn. Hús, umhverfi og hermennska í Noregi.

## MAGELFORS, LARS (LM),

ljósmyndari, Gautaborg.

Gefið fyrir milligöngu sendiráðs Íslands í Svíþjóð 19. júní 2019.
Aldur: 1963–1964.
Fylgifé: Ljósmyndir og blöð þar sem myndirnar birtust.
Ótölusett: Um 100 skyggnur.
Myndefni: Surtseyjargos og Reykjavík.

## MAGNÚS GÍSLASON (MG) 1881–1969,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Pálínu G. Ólafsdóttir og Magnúsi Óskari Ólafssyni 4. september 1995.
Aldur: Um 1905–1920.
Fylgifé: Ljósmyndir.
Tölusett: 179 plötur og filmur, 195 færslur í Sarpi.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur á pappír. Katrín Elvarsdóttir gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum MG, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Staðarmyndir m.a. úr Reykjavík en einnig af Suðurlandi og mannamyndir.

## MAGNÚS ÓLAFSSON (MÓL) 1862–1937,

ljósmyndari, Reykjavík.

Sjá Ólafur Magnússon.

## MAGNÚS ÓSKARSSON (MÓSK) 1927,

kennari, Hvanneyri.

Gefið af Magnúsi Óskarssyni 10. júní 2011 og viðbót afhent af Bjarna Guðmundssyni 22. mars 2020.
Aldur: 1955–1996.
Tölusett: 262 skyggnur í fyrri afhendingu en 727 í þeirri síðari. Alls 989 skyggnur.
Eftirtökur: Sigurður Stefnisson gerði stafrænar eftirtökur eftir fyrri gjöfinni.
Skrá: Skrá Magnúsar fylgdi safninu. Sigurlaug Jóna Hannesdóttir setti skrána í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum MÓSK.
Myndefni: Frá starfsárum Magnúsar, sem kennara við bændaskólann á Hvanneyri. Hvanneyri, landbúnaðarrannsóknir, tilraunaræktun og fleira.

## MATTHÍAS EGGERTSSON (Lpr) 1865–1955,

prestur, Grímsey.

Gefið af Gauta Hannessyni 4. mars 1981.
Aldur: Um 1927–1932 (tímasetning gefanda).
Tölusett: Lpr-4792-4797, 6 skuggamyndir.
Eftirtökur: Ellert Þór Arason gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum ME, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Mannlíf í Grímsey.

## MATTHÍAS ÞÓRÐARSON (MÞ) 1877–1961,

þjóðminjavörður, Reykjavík.

Úr fórum safnsins.
Aldur: 1909–1942.
Fylgifé: Eftirtökur af myndunum með upplýsingum skráðum á bakhlið.
Tölusett: 536 filmur.
Eftirtökur: Vala Dóra Jónsdóttir gerði kontakta á pappír eftir 493 filmum. Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá byggðri á upplýsingum Matthíasar. Skráin var sett í myndaskrá Sarps undir einkennisstöfunum MÞ, af Forsvari á Hvammstanga.
Eftirtökur: Vala Dóra Jónsdóttir gerði kontakta eftir 493 filmum. Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Myndefni: Frá starfsárum Matthíasar í Þjóðminjasafninu. Kirkjur og kirkjugripir, fornleifarannsóknir og fleira tengt rannsóknaferðum Matthíasar um landið.

## MORGUNBLAÐIÐ (Mbl2).

Gefið af Morgunblaðinu 18. ágúst 1972.
Aldur: Um 1940–1960.
Fylgifé: Barst með myndasafni Morgunblaðsins.
Tölusett: Um 163 filmur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá, hún var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum Mbl2, hjá Landvist á Húsavík.
Myndefni: Myndir úr ýmsum áttum eftir marga ljósmyndara. M.a. Reykjavík, leit að týndri flugvél, Siglufjörður og Raufarhöfn.

## MORRISSON, M. (MM).

Gefið af frú M. H. Morrisson 27. júlí 1951.
Aldur: 1907.
Tölusett: Lpr-1668: 84 plötur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum MM, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Konungskoman 1907, aðallega á Þingvöllum, ferðalag til Íslands og fleira.

## NANNA HERMANSSON (NH) 1942,

safnstjóri, Stokkhólmi.

Gefið af Nönnu Hermansson 12. janúar 2021.
Ótölusett: 7 filmublöð.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafræn kontaktblöð.
Myndefni: Niðurtaka á torfbæ á Guðlaugsstöðum og fleira.

## NÁMSGAGNASTOFNUN (Nást).

Gefið af Námsgagnastofnun 3. desember 2013.
Ótölusett: Um 2.000 skyggnur.
Myndefni: Myndir frá Íslandi sem nýttar voru sem fræðsluefni í skólum landsins.

## NICOLINE WEYWADT (Mms) 1848–1921,

ljósmyndari, Teigarhorni við Berufjörð.

Keypt af Hansínu Björnsdóttur 7. september 1943 á 150 kr.
Aldur: 1872–1903.
Fylgifé: Ein skráningarbók. Sjá einnig Hansína Björnsdóttir.
Tölusett: Mms. 15232-15984, eða 752 plötur. Sjá einnig Teigarhorn.
Skrá: Handskrifuð skrá, gerð af Hansínu Björnsdóttur, en byggð á nöfnum á plötuumbúðum frá Nicoline, fylgdi safninu. Skráin er hluti af skrá Mannamyndasafns í Sarpi.
Myndefni: Mannamyndir af Austurlandi.

## NÆRMYND (Nær).

Gefið af Guðmundi Kristni Jóhannessyni 10. október 2012.
Aldur: 1966–2012.
Tölusett: Um 100.000 filmur.
Myndefni: Portrettfilmur frá Mats Wibe Lund á meðan hann starfrækti ljósmyndastofu á Laugavegi 89 og síðan frá ljósmyndastofunni Nærmynd sem Guðmundur rak frá 1987-2020.

## ODDI (Od).

Gefið af prentsmiðjunni Odda 20. maí 2015.
Aldur: 1990–2010.
Ótölusett: Um 85 skyggnur og filmur.
Myndefni: Eins konar myndasafn prentmiðjunnar Odda. Ýmsar myndir nýttar í prentsmiðjunni.

## ODDUR GUÐMANN ODDSSON (OGO) 1904–1987,

vélfræðingur og deildarstjóri, Reykjavík.

Gefið af Oddi Kr. Gunnarssyni 17. október 2012.
Aldur: Um 1925–1930.
Tölusett: 8 plötur og tvær filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir skráði í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum OGO.
Myndefni: Þorp og sveitabæir.

## ÓLAFUR GUÐMUNDSSON (ÓlGu) 1927–1985,

framkvæmdastjóri, Hvanneyri.

Gefið af Bjarna Guðmundssyni 14. nóvember 2016.
Aldur: 1953–1966.
Tölusett: 381 filma.
Eftirtökur: Sigurður Stefnisson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Bjarni Guðmundsson gerði drög að skrá. Myndirnar hafa verið settar í Sarp, almenna myndaskrá, með frumskráningu, af Þorvaldi Böðvarssyni undir einkennisstöfunum ÓlGu. Eftir er að færa skráningu Bjarna inn í hana.
Myndefni: Vélar og tæki við landbúnaðarstörf frá starfsárum Ólafs sem framkvæmdastjóra Verkfæranefndar ríkisins.

## ÓLAFUR JÓHANNESSON (ÓJó) 1867–1936,

útgerðarmaður, Patreksfirði.

Gefið af Agli Ólafssyni 15. janúar 1981.
Aldur: Um 1910–1920.
Tölusett: 131 filma og plötur.
Ótölusett: 45 filmur og plötur.
Eftirtökur: Ímynd/Guðmundur Ingólfsson gerði eftirtökur á pappír. Jónas Hallgrímsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Halldór J. Jónsson gerði drög að skrá byggðri á upplýsingum frá Agli Ólafssyni á Hnjóti. Inga Lára vann að skránni frekar og var hún sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum ÓJó, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Mannlíf á Patreksfirði og nágrenni, einnig nokkuð tekið erlendis.

## ÓLAFUR JÓNSSON (ÓJ)* 1889–1951,

ljósmyndari, Vík í Mýrdal og Reykjavík.

Gefið af Ingu N. Ólafsdóttur Wendel 10. mars 1970 og viðbót 29. maí 2017.
Aldur: 1909–1950.
Fylgifé: Ekkert.
Tölusett: 743 plötur og filmur, en 789 færslur í Sarpi.
Ótölusett: 28 plötur og 44 filmur sem voru afhentar síðar.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson og Andrés Kolbeinsson gerðu eftirtökur á pappír. Ívar gerði síðar stafrænar eftirtökur.
Skrá: Skrá byggð á viðtölum við heimildamenn var gerð af ritnefnd héraðsritsins *Dynskóga* undir forystu Björgvins Salómonssonar. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum ÓJ, af Forsvari á Hvammstanga.
Myndefni: Mannlíf í Vík í Mýrdal og nágrenni. Skipsfélagar Ólafs á togurum. Reykjavík.

*Hluti af plötunum er kominn frá Þorláki Sverrissyni ljósmyndara og einhverjar eru frá Eggert Guðmundssyni ljósmyndara og Sigfúsi Eymundssyni.

## ÓLAFUR MAGNÚSSON (ÓM)* 1889–1954,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Guðrúnu Árnadóttur 2. september 1955.

Aldur: 1913–1954.

Fylgifé: 56 bækur, skráningarbækur, pantanabækur, kladdar og fleira.

Tölusett: 42.438 plötur af mannamyndum og 582 atburða- og staðamyndir og hópmyndir í stærðinni 18x24 og 1.329 atburða- og staðamyndir í minni stærðum.

Ótölusett: Um 2.600, plötur nær eingöngu mannamyndir.

Eftirtökur: Hallgerður Arnórsdóttir, Leifur Þorsteinsson og Ívar Brynjólfsson gerðu eftirtökur á pappír eftir atburða- og staðamyndum og öllum plötum í stærðinni 18x24. Ívar gerði eftirtökur eftir völdum plötum frá öllum starfsferlinum í tengslum við sýningu á myndum Ólafs í Listasafni Reykjavíkur árið 2004. Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur eftir ÓM/MÓ.

Skrá: Friðrik Á. Brekkan gerði spjaldskrá yfir mannamyndasafnið. Hrefna Róbertsdóttir gerði skrá yfir hluta af útimyndum og hópmyndum (af stærðinni 18x24). Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum ÓM, af Forsvari á Hvammstanga. Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá yfir útimyndir í minni stærðum. Skráin hefur verið sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum ÓM/MÓ, af Forsvari á Hvammstanga. Skrá yfir mannamyndasafnið var sett í Sarp, mannamyndasafn, undir einkennisstöfunum ÓM2, af Forsvari á Hvammstanga.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu Ólafs í Templarasundi í Reykjavík. Atburða- og staðamyndir, aðallega úr Reykjavík en einnig víðar að af landinu.

* Safninu fylgdi nokkuð af plötum frá Magnúsi Ólafssyni, föður Ólafs, sem er óaðgreint frá plötum Ólafs. Það eru eingöngu útilífsmyndir. Sá hluti safnsins er merktur ÓM/MÓL.

## ÓLAFUR ODDSSON (ÓlO) 1880–1936,

ljósmyndari, Fáskrúðsfirði og Reykjavík.

Gefið af Ingibjörgu Briem Ólafsdóttur 1. nóvember 1968 og Þrúði Briem Ólafsdóttur 17. september 1982 og af Þorsteini Jónssyni 23. febrúar 2012.

Aldur: 1905–1936.

Fylgifé: Fjórar skráningarbækur og bréfasafn sem Þjóðminjasafnið afhenti á Landsbókasafn. Fjórar skráningarbækur til viðbótar voru afhentar 28. júní 2000 af Ólafi Oddssyni.

Tölusett: 20.017 plötur í safni frá starfsárum í Reykjavík og safn frá Fáskrúðsfirði 2.637 plötur en 689 færslur í Sarpi. Aðeins voru skráðar þær plötur sem varðveist höfðu í safninu. Viðbót frá Þorsteini Jónssyni eru 55 útimyndaplötur, Fáskrúðsfjarðarsafn 52 útimyndaplötur, almennt safn 604 visitplötur og 316 kabinetplötur og 6 í 18x24. Alls 926 plötur. Þær eru úr fórum Haraldar sonar Ólafs.

Ótölusett: Um 1.200 plötur.

Skrá: Guðbjörg Gissurardóttir gerði spjaldskrá yfir Fáskrúðsfjarðarhluta safnsins. Skráin var sett í Sarp undir einkennisstöfunum ÓlO2, af Forsvari á Hvammstanga. Inga Lára Baldvinsdóttir gerði spjaldskrá yfir fyrstu 7.800 nöfnin í almenna safninu og gæslukonur við Þjóðminjasafn yfir hinn hluta þess. Síðar komu fram skráningarbækur yfir þennan hluta safsins. Skráin var sett í Sarp undir einkennisstöfunum ÓlO1 af Forsvari á Hvammstanga.

Myndefni: Mannamyndir teknar á ljósmyndastofu Ólafs á Fáskrúðsfirði (1905–1913) og í Þingholtsstræti 3 í Reykjavík (1913–1936).

## ÓLAFUR ÓLAFSSON (ÓÓla) 1913–1995,

bóndi, Hallsteinsnesi, Gufudalssveit.

Gefið af Þorsteini Jónssyni 13. september 2012.
Aldur: 1942–1970.
Tölusett: 162 filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Lýður Björnsson sagnfræðingur gerði drög að skrá. Þorvaldur Böðvarsson frumskráði í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum ÓÓla en Inga Lára Baldvindóttir grunnskráði.
Myndefni: Bæir, landslag og fólk í Barðastrandarsýslu.

## ÓLAFUR HAUKUR ÓLAFSSON (ÓHÓ) 1900–1970,

stórkaupmaður, Reykjavík.

Gefið af Katrínu, Sigríði Eddu og Ólafi Hauki Ólafsbörnum 5. desember 2018.
Aldur: 1930–1950.
Tölusett: 580 filmur.
Skrá: Engin skrá er til yfir safnið.
Myndefni: Hálendisferðir á hestum, veiðiferðir og fjölskylduferðir.

## ÓLAFUR SIGURÐSSON (ÓS),

Lindargötu 7a, Reykjavík.

Úr fórum safnsins 24. febrúar 1993.
Aldur: 1. maí 1935.
Tölusett: Níu filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði fyrst eftirtökur á pappír og síðar stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum ÓS, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Ganga þjóðernissinna í Reykjavík 1. maí 1935.

## ÓSKAR GÍSLASON (ÓG) 1901–1990,

ljósmyndari, Reykjavík.

Gefið af Sigríði Óskarsdóttur 9. febrúar 2011 og 12. ágúst 2013.
Aldur: Um 1920–1975.
Tölusett: 1.496 filmur.
Ótölusett: Aðföng frá 2013.
Fylgifé: Ljósmyndir.
Eftirtökur: Ívar gerði stafrænar eftirtökur eftir filmum tengdum kvikmyndinni *Björgunin við Látrabjarg*. Kontaktar fylgdu af öðru filmuefni sem Sigríður Óskarsdóttir gerði.
Skrá: Steinar Örn Atlason gerði drög að skrá.
Myndefni: Reykjavík, hús og mannlíf. Björgunin við Látrabjarg og fleira.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI (ÞÞTh-138).

Gefið af Þorvaldi Thoroddsen og hluti af sérsafni Þorvaldar og Þóru Thoroddsen, Þ. og Þ. Th. 138.

Aldur: Um 1880–1890.

Fylgifé: Listi yfir myndefnið á íslensku eftir Bjarna Þ. Johnson og á dönsku eftir Þorvald Thoroddsen.

Ótölusett: 90 skuggamyndir, ljósmyndir og teikningar.

Eftirtökur: Ellert Þór Arason gerði eftirtökur.

Skrá: Listi yfir myndefnið fylgdi í kössunum með myndunum, líklega með hendi Bjarna Þ. Johnson.

Myndefni: Stofninn í þessari skuggamyndasyrpu eru myndir sem Sigfús Eymundsson gerði fyrir Þorlák Ó. Johnson kaupmann og hann sýndi í Reykjavík árið 1883 og síðar. Sonur Þorláks, Bjarni, mun einnig hafa staðið fyrir sýningum á þessum myndum og Þorvaldur fengið þær hjá honum.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 1 (Lpr).

Keypt af Herdísi Guðmundsdóttur 21. desember 1943.

Aldur: 1907.

Tölusett: Lpr-1441, 1-78. 78 blaðfilmur og 6 blaðfilmur að auki, sem ekki voru skráðar á sínum tíma.

Eftirtökur: Óþekktur ljósmyndari gerði eftirtökur á pappír en Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.

Skrá: Friðrik Á. Brekkan.

Myndefni: Konungskoman 1907.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 2 (Óþ2).

Gefið af Þorkeli Skúlasyni 23. september 1983.

Aldur: 1940–1945.

Tölusett: 224 blaðfilmur.

Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur á pappír.

Myndefni: Frá erlendum hermönnum, aðallega Royal Engineers, sem höfðu bækistöð í Völundi í Reykjavík. Fyrst og fremst myndir af hermönnum.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 3 (Óþ3).

Gefið af Heddu Drews 12. júní 1986.

Aldur: Um 1920–1930.

Tölusett: 50 skuggamyndir, nýlegar eftirtökur eftir eldri myndum.

Eftirtökur: Sigurður Stefnisson gerði stafrænar eftirtökur.

Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum Óþ-3, af Landvist á Húsavík.

Myndefni: Aðallega landslag, en einnig þjóðlífsmyndir.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 4 (Óþ4).

Gefið af Haraldi Samsonarsyni 2. nóv. 1989.

Aldur: Um 1905–1910.

Tölusett: 7 plötur.

Eftirtökur: Björn Pálsson gerði eftirtökur á pappír. Ívar Brynjólfsson gerði síðar stafrænar eftirtökur.

Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum Óþ-4, af Landvist á Húsavík.

Myndefni: Skútur og fleira frá Þingeyri.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 5 (Óþ5).

Úr fórum safnsins 24. mars 1993.

Aldur: Um 1910.

Tölusett: 16 blaðfilmur.

Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur á pappír og síðar stafrænar.

Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum Óþ-5, af Landvist á Húsavík.

Myndefni: Útimyndir, m.a. Hafnarfjörður.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI. 6 (Óþ6).

Úr fórum safnsins 9. febrúar 1995, en upphaflega komið frá Sverri Haraldssyni listmálara.

Aldur: Um 1920–1930.

Tölusett: 71 blaðfilma.

Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur á pappír og síðar stafrænar eftirtökur.

Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum Óþ-6, af Forsvari á Hvammstanga.

Myndefni: Vestmannaeyjar og ferðalag um Suðurland.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 7 (Óþ7).

Gefið af Ingu Láru Baldvinsdóttur 15. desember 1999.

Alur: 1935–1966.

Tölusett: 39 filmur.

Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði eftirtökur á pappír og síðar stafrænar.

Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir og Þorvaldur Böðvarsson gerðu drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum Óþ-7, af Landvist á Húsavík.

Myndefni: Myndir af bílum og ýmsu varðandi þá. Filmurnar eru úr fórum Bjarna Einarssonar frá Túni.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 8 (Óþ8).

Gefið af Jóhanni Jónssyni 11. maí 1999.

Aldur: Um 1890–1910.

Tölusett: 118 skyggnur.

Skrá: Steinar Örn Atlason gerði drög að skrá.

Myndefni: Samsafn mynda eftir ýmsa ljósmyndara, m.a. Sigfús Eymundsson og Friðrik Gíslason, einnig erlendar handlitaðar skyggnur.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 9 (Óþ9).

Gefið af Robert Olesen 10. maí 2001.
Aldur: 1930.
Tölusett: 67 skyggnur.
Eftirtökur: Ellert Þór Arason gerði eftirtökur.
Myndefni: Alþingishátíðin 1930 og þjóðlífsmyndir frá sama ári. Einnig eldri myndir frá Íslandi.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 10 (Óþ10).

Gefið af Lorna Weeks 5. mars 2002.
Aldur: Um 1920–1930.
Tölusett: 36 skyggnur.
Eftirtökur: Ellert Þór Arason gerði eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum Óþ-10, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Aðallega landslag, en einnig þjóðlífsmyndir.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 11 (Óþ11).

Gefið af Guðrúnu Sæmundsdóttur 7. maí 2002.
Aldur: Um 1935–1950.
Tölusett: 73 filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá undir einkennisstöfunum Óþ-11, af Landvist á Húsavík.
Myndefni: Tengt verslunum KRON og Nauthólsvík.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 12 (Óþ12).

Gefið af Ingólfi Jóhannessyni 14. ágúst 2002.
Aldur: Um 1890–1930.
Fylgifé: Sýningarvél með skráningarnúmer Þjms. 2002-47-1.
Tölusett: 165 skyggnur.
Eftirtökur: Ellert Þór Arason gerði eftirtökur.
Skrá: Steinar Örn Atlason gerði drög að skrá.
Myndefni: Skyggnur eftir ljósmyndum ýmissa ljósmyndara, m.a. af einkennilegum mönnum, landslagi, ýmsum stöðum á landinu. M.a. eftir Sigfús Eymundsson.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 13 (Óþ13).

Gefið af Herði Ágústssyni 5. desember 2002.
Aldur: Um 1915–um 1920.
Tölusett: 194 filmur.
Myndefni: Fólk um borð í strandferðaskipi, hópmyndir af fólki úti í náttúrunni, Ísafjörður; býli og fólk og Reykjavík.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 14 (Óþ14).

Keypt af versluninni Fríðu frænku 29. febrúar 2004.

Aldur: Um 1940.

Ótölusett: 57 skyggnur.

Eftirtökur: Jónas Hallgrímsson gerði stafrænar eftirtökur.

Myndefni: Jarðfræði og jarðfræðirannsóknir. Myndirnar virðast vera frá Sverri Scheving Thorsteinssyni, jarðfræðingi, en nokkrar eru merktar SÞ sem gæti bent til að Sigurður Þórarinsson hafi tekið þær.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 15 (Óþ15).

Keypt af Hjá Magna 18. mars 2004.

Aldur: 1908.

Tölusett: 5 skyggnur.

Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.

Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá. Skráin var sett í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum Óþ-15, af Landvist á Húsavík.

Myndefni: Konur á þjóðbúningum og menn um borð í Vestu.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 16 (Óþ16).

Úr fórum safnsins 22. desember 2012.

Aldur: 1930–1940.

Tölusett: 18 skyggnur.

Eftirtökur: Jónas Hallgrímsson gerði stafrænar eftirtökur.

Skrá: Kristín Halla Baldvinsdóttir skráði í Sarp, almenna myndaskrá, undir einkennisstöfunum Óþ16.

Myndefni: Jarðfræðirannsóknir og landslag.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 17 (Óþ17).

Gefið af Guðnýju Þórarinsdóttur 3. júní 2010.

Aldur: 1945–1955.

Tölusett: 100 handlitaðar skyggnur.

Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.

Myndefni: Ferð með skipi til Íslands. Noregur, Færeyjar og Ísland.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 18 (Óþ18).

Keypt af Hjá Magna 27. október 2004.

Aldur: 1880–1910.

Tölusett: 44 skyggnur.

Eftirtökur: Jónas Hallgrímsson gerði stafrænar eftirtökur.

Skrá: Steinar Örn Atlason gerði drög að skrá eftir merkingum á prentuðum miðum.

Myndefni: Kjarni myndanna eru eftirtökur eftir myndum frá ljósmyndastofu Sigfúsar Eymundssonar. Einnig erlendar myndir.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 19 (Óþ19).

Gefið af Anton Holt 11. mars 2003.
Aldur: 1905–1935.
Tölusett: 202 skyggnur, mest af erlendum uppruna.
Myndefni: Ýmsir ljósmyndarar, m.a. Friðrik H. Ludvigsson.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 20 (Óþ20).

Gefið af Ivan Beales 3. apríl 2009.
Aldur: Um 1930.
Tölusett: 89 stafrænar myndir gerðar eftir filmum.
Eftirtökur: Ivan Beales.
Skrá: Inga Lára Baldvinsdóttir gerði drög að skrá.
Myndefni: Tekið af ljósmyndara á ensku skemmtiferðaskipi á meðan skipið dvaldi í Reykjvíkurhöfn. Ferðir á Þingvöll, Hveragerði, Geysi og Reykjavík.

## ÓÞEKKTUR LJÓSMYNDARI 21 (Óþ21).

Úr fórum safnsins.
Aldur: 1923–1940.
Tölusett: 66 filmur.
Eftirtökur: Ívar Brynjólfsson gerði stafrænar eftirtökur.
